

DV



FRÆGIR FINNA ÁSTINA



„PETTA ER LÖGLEYSA OG Á EKKI AÐ LÍÐAST“

- Dular auglýsingar áhrifavalda ■ Langtíma-samningar og miklar tekjur ■ Reglurnar eru skýrar

Sólborg rýfur þögnina

- Stofnaði Fávita - átak gegn kynferðisofbeldi
- „Það er alltaf að fæðast vont fólk“

Seinni hluti

Harðræði lögreglunnar

- Mar og brotin bein

TÍMAYÉLIN

BRÚNN

FANGAVÖRÐUR

Alexandra Kristjánsdóttir

Fræðir indverskar konur um blæðingar

- Táraðist af gleði

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX	AIR CIRCULATION SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM R 44/04
HERO	ISO FIX	ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION	3 POINT BELT

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Allar eigur mínar fyrir eitt andartak.“

– Elísabet I. Englandsdrottning (1533–1603)

Á þessum degi, 3. apríl



1901 – kviknuðu eldar í Jacksonville í Florida í Bandaríkjunum. Þegar loksins tókst að slökkva í síðustu glæðunum varð ljóst að um þriðju verstu hamfarir í sögu Flórída var að ræða. Einnig var um að ræða þriðja versta borgareldsvoðann í Bandaríkjunum. Þeir tveir verstu áttu sér stað í Chicago árið 1871 og í San Francisco árið 1906.

Árið 1901 var stærstur hluti bygginga í Jacksonville úr timbri og um þetta leyti höfðu viðvarandi þurrkar geislað og því um kjörinn eldsmat að ræða víða um borgina.

Um hádegisbil tóku verkamenn í Cleveland Fibre Factory sér hádegisverðarhlé. Örfáum mínútum síðar bárust glóðaragnir úr skorsteini nærliggjandi húss í spánskan mosa (e. Spanish Moss) sem lagður hafði verið út til þerris. Verkamenn reyndu að slökkva eldinn með vatni í fötum, það hafði alla jafna nægt þegar eitthvað viðlíka henti. Í þetta sinn fengu þeir ekki við neitt ráðið og norðvestangola olli því að eldurinn barst í nærliggjandi hús, eitt á fætur öðru.

Á átta klukkustundum brunnu 146 húsalengjur til kaldra kola; meira en 2.368 byggingar, og 10.000 manns misstu heimili sín.

Að sögn einbeittu slökkviliðsmenn sér að því að hindra að eldarnir bærust í hverfi hvítra þar í borg á meðan hverfi blökkufólks urðu logunum að bráð. Sjö manns misstu lífið.



Hvað er Gerður að horfa á?

Gerður Huld Arinbjarnardóttir eða Gerður í Blush, eins og hún er oftast kölluð, er ung og hörkudugleg athafnakona sem stofnaði fyrirtækið sitt Blush.is þegar hún var aðeins 21 árs gömul. Þar hefur hún til sölu hin ýmsu tæki til hjálpar ástarlífinu og hefur Gerður opnað umræðuna um kynlíf mikið hérlandis.

Hvað ert þú að horfa á?

Ég er að horfa á GOT. Var að byrja á fyrstu seríu því það virðast allir vera að horfa á það svo ég varð að komast að því hverju ég væri að missa af. Mér finnst þetta byrja vel en þó frekar mikið af upplýsingum sem maður þarf að meðtaka svo maður þarf að fylgjast vel með til að ná samhenginu og kynnast karakterunum.

Ég er líka að horfa á þætti sem heita The Act sem eru um Gypsy Rose sem myrti móður sína, þættirnir eru sannsögulegir og mjög átakanlegir að horfa á. Ég á það til að lifa mig aðeins of mikið inn í þættina svo ég tek bara einn og einn af þeim þegar ég er í stuði, en þættirnir eru alveg magnaðir og ótrúleg að svona hlutir geti gerst í alvörðunni.

Önnur sería sem ég var að klára núna heitir Imposters og hún er æðisleg. Þættirnir fjalla um konu sem giftist mönnum og lætur sig svo hverfa með peninga þeirra.

Ég datt alveg inn í þá þætti, þeir eru svona aðeins léttari en hinir þættirnir, og auðveldara að horfa á marga í einu.“



LOF & LAST

– Plokkarar og Isavia

Lof vikunnar fá plokkarar. Stóri plokkdagurinn var haldinn sunnudaginn 28. apríl um allt land og mátti sjá gulvestaða plokkara úti um alla koppa og grundir. Þéttbýlið kemur alltaf skítugt undan vetri og rusl liggur eins og hráviði alls staðar. Þetta átak er því kærkomin upplýfting fyrir sumarið, bætur líðan okkar og þeirra ferðamanna sem hingað koma. Á þessum tímum verðum við að beita öllum ráðum til að halda í þá. Þau sem skelltu sér í vestu og óðu inn í runna með poka og prik eiga hrós skilið.



Last vikunnar fær Isavia. Isavia er með allt niður um sig í málum sem tengjast WOW air. Kyrrsetti ríkisfyrirtækið vél sem flugfélagið var með á leigu sem veð fyrir milljarða króna skuld félagsins. Byggt á því veitti stjórn Isavia forstjóranum heimild til að lána annan milljarð króna. Verða það að teljast ansi vafasöm vinnubrögð að kyrrsetja eignir óviðkomandi aðila og lítill sómi að því fyrir Ísland.



Orðið á götunni:

Þingmönnum leyft að sitja hjá

Orðið á götunni er að andstaðan við þriðja orkupakkann sé svo mikil innan Sjálfstæðisflokksins að málamiðlanir verði að gera og leyfa einstökum þingmönnum að leggja ekki blessun sína yfir hann. Þá helst íhaldssömum þingmönnum. Sömu sögu er hægt að segja innan Framsóknarflokksins þar sem grasrótin er ekki á einu máli um ágæti pakkans og valdaframsal til ESA.

Nýlega greindi Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, að hann hygðist ekki styðja þingsályktunartillöguna um innleiðingu orkupakkans. Ásmundur vildi þó ekki tjá sig mikið um hvernig hann myndi leggja gegn tillögunni. Hugsanlega sitja hjá eða vera fjarverandi þegar kosið yrði. Ólíklegt verður að teljast að hann kjósi

gegn henni.

Á þingi er yfirgnæfandi meirihluti með tillögunni, bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu. Aðeins Miðflokkurinn og Flokkur fólksins hafa sýnt henni mikla andstöðu. Ef þetta er reiknað eftir flokkslínunum sést að 52 þingmenn ættu að vera samþykkir en aðeins 11 á móti. Þessi staða leyfir ríkisstjórninni að slaka á klónni gagnvart einstaka þingmönnum og sennilega yrði það til að lægja innanflokksátök að einhverju leyti.

Fleiri þingmenn gætu bæst í hópinn sem fá að sitja hjá eða vera fjarverandi. Þá helst Páll Magnússon, Njáll Trausti Friðbertsson, Jón Gunnarsson, Óli Björn Kárasón og Brynjar Níelsson. Hjá Framsóknarflokki koma ýmis nöfn til greina. Þá helst Halla Signý Kristjánsdóttir og Silja Dögg Gunnarsdóttir.

5 sem afsökuðu sig með áfengi

Sagt er að allir stjórn-málamenn eigi eitt meðferðar-spjald. Það er að þeir geti afsakað brot eða axarskaft með áfengisneyslu. Þeir sem lenda í þessari aðstöðu viðurkenna yfirleitt dómgreindarrest, EN þeir hafi nú verið fullir og eigi þar af leiðandi við vandamál að stríða. Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, snýr nú aftur eftir áfengismedferð hjá SÁÁ. Var það eftir að blaðakonan Bárna Huld Beck, hjá Kjarnanum, greindi frá kynferðislegri áreitni Ágústss. Síðanefnd Samfylkingarinnar áminnti Ágúst í kjölfarið. Hér eru 5 stjórn-málamenn sem notuðu áfengisneyslu sem afsökun.



Björgvin G. Sigurðsson

Viðskiptaráðherrann fyrrverandi lét af störfum sem sveitarstjóri Ásahrepps árið 2015 eftir að hann nýtti greiðslukort sveitarfélagsins til persónulegra nota. Neitaði Björgvin að um ásetningsbrot væri að ræða en sagðist hafa gerst sekur um dómgreindarrest. Mætti rekja það til áfengisneyslu og ætlaði hann því í meðferð.



Gunnar Bragi Sveinsson

Utanríkisráðherrann fyrrverandi var sá sem talaði hvað hæst og digurbarkalegast á Klausri bar í nóvember síðastliðnum. Viðurkenndi hann til að mynda að hafa skipað Geir H. Haarde sem sendiherra til að eiga greiða inni hjá Sjálfstæðismönnum. Í viðtali hjá Hringbraut sagðist Gunnar hafa farið í algjört „blackout“ og hefði ekkert munað eftir kvöldinu.



Sigurður Kári Kristjánsson

Sigurður Kári var nýkjörinn á þing, árið 2003, þegar upp komast að hann hefði misst bílprófið vegna ólvunaraksturs. Sigurður sagðist hins vegar hafa sest of snemma undir stýri, daginn eftir drykkju. Hann er nú meðeigandi lögmansstofunnar sem rekur mál Klausurbraðra.



Bergþór Ólafsson

Klausurbroðir Gunnars, Bergþór Ólafson, var hvað orðljótastur á Klausri. Um Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra sagði hann: „Þarna loksins kom skrokkur sem typpið á mér dugði í.“ Bergþór lét ekki ná í sig lengi eftir uppákomuna en sneri síðan til baka og sagðist hafa átt viðtöl við áfengisráðgjafa. Hann ætlaði þó ekki í meðferð til að haka í einhver box.



Áman – „Allir geta búið til bjór og vín ef þeir vilja og hafa áhuga“

Nafnið Áman á sér yfir 40 ára sögu, en fyrirtækið hefur verið staðsett á Tangarhöfða 2, 110 Reykjavík, síðan í byrjun árs 2016 en var áður til margra ára í húsi sem flestir þekkja, gamla Austurbæjarapótekínu, Háteigsvegi 1 við Rauðarárstíg, sem lengi var talað um sem „Rauða húsið.“ segir Magnús Axelsson, framkvæmda- og rekstrarstjóri Ámunnar ehf.

Verslun og aðgengileg netverslun Áman flytur inn og selur vörur til bjór- og vingerðar og er með smásölu, netverslun og endursöluaðila víða um landið. Magnús segir það verulega til hagsbóta fyrir landsbyggðina, þar sem kaupandinn þarf þá ekki að greiða sendingargjald undir vöruna og varan er á svipuðu verði hjá flestum endursöluaðilum eins og í versluninni í Reykjavík. Í netverslun Ámunnar, aman.is, má finna allar vörur sem fyrirtækið flytur inn og er netverslunin mjög vel flokkuð og aðgengileg.

„Við leggjum okkur fram við að þjónusta einstaklinga sem hafa áhuga á að gera eigin bjór og vín,“ segir Magnús. Bæði er hægt að kaupa tilbúin sett, sem er búið að forvinna, og svo öll efni og áhöld sem þarf til að gera bjór frá grunni.

Bjór- og vingerð er áhugamál hjá stórum hópi fólks
Magnús segir að síðustu ár hafi verið ákveðin vakning hjá fólki um að gera bjórinn frá grunni.

„Bjórbruggun hefur verið vaxandi áhugamál hjá fólki sem er ekki að hugsa um tímann, einfaldleikann eða

kostnað, en stofnkostnaður er einhver þó að hann sé ekki verulegur,“ segir Magnús. Um er að ræða áhugamál hjá stórum hópi fólks, sem kemur vikulega að kaupa hráefni til bjórgerðar. Fyrir þá sem eru að gera bjór frá grunni þá eru til leiðbeinandi upplýsingar, en margir brugga bjór eftir eigin hugmynd.

„Þegar þú ert farinn að gera bjór frá grunni þá verður þetta áhugamál og menn verða fljótlega sérfræðingar, sumir verða bara bjórmeistarar heima hjá sér,“ segir Magnús. „Allir geta búið til bjór og vín ef þeir vilja og hafa áhuga.“

Sá hópur sem gerir sin eigin vín uppgötvar að þau eru holl, bragðgóð og oft mildari og ferskari en verksmiðjuframleidd vín. Þá er vingerð heillandi og skemmtilegt tómstundagaman. Framboð af nýjum tegundum og betri efnum eykst stöðugt og með betri hjálparefnum og tækjum er heimavín fyllilega samþærilegt borðvínunum frá hinum frægu vínreктarlöndum. Segja má að óðum minnki bilið á milli besta heimavínsins og hinna svokölluðu eðaltegunda.

Hvort sem þú ert að gera bjór eða vín þá snýst þetta um þolinmæði
„Bjórbruggun frá grunni er ekki flókið mál en það þarf ákveðið bjórger, malt/korn, humla, að meskja við ákveðið hitastig og síðan sjóða virtan sem fæst úr meskingunni, kæla, gerja og svo framvegis. Þetta er ákveðið ferli, sem er ekki langt, en tíminn frá því að bjórgerð hefst og hann settur á flöskur er um tvær vikur,“ segir Magnús.



Kosturinn við heimavingerð er sá að hún er einföld og þægileg auk þess að vera ódýr kostur. Lítið pláss þarf á heimilinu fyrir vingerðina og henni fylgir nánast engin lykt. Vinið er mjög gott, þrúgurnar og vingerðarlíkin eru fyrsta flokks í dag, mjög vönduð vara.

Aldurshópur viðskiptavina er breiður

Fólk skiptist í tvo hópa, þá sem eru að leita að ódýrum lausnum fyrir til dæmis afmæli eða giftingu og svo þá sem hafa vín og bjórbruggun sem áhugamál og vilja gera góð vín og góðan bjór og leggja tíma og peninga í bruggunina. Aldurshópur viðskiptavina Ámunnar er einnig breiður.

Stofnkostnaður til bjór- og vingerðar er ekki verulegur
Aðspurður um hver stofnkostnað-

urinn sé segir Magnús að hægt sé að kaupa pakka með bjórgerðarefni inniföldu á undir níu þúsund krónum og áhaldapakki til vingerðar, þar sem að efni er ekki innifalið, er um 14.000 krónum. Hægt sé að gera bjór frá grunni á ódýran hátt, en ef eigi að gera það af alvöru getur stofnkostnaður hlaupið á nokkrum tugum þúsunda.

Allt sem þarf til bjór- og vingerðarinnar er til sölu hjá Ámunn, efni til bjór- og vingerðarinnar sjálfra, flöskur, tappar, og allt þar á milli.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá Ámunn, Tangarhöfða 2, í síma **533-1020** eða á netfanginu **aman@aman.is**.

Verslunin er opin virka daga frá kl. 10–18.

Hver er hann?



■ Fyrirverandi þingmaður og ráðherra

■ Barfluga á Klörubar

■ Er mágur Vigdísar Hauksdóttur

■ Drap drauma Húsvíkinga um að fá krókódila í bæinn

■ Margoft tekinn fyrir af Jóhannesi eftirhermu

SVAR: GUNDRYNDINGSS

Það er staðreynd að...



Rhinotillexomania er röskun sem lýsir sér í að bora ótæpilega í nefið.



Meira en 8.000 óvirkir gervihnettir svífa umhverfis jörðina.



Rotta getur lifað lengur án vatns en kameldýr.



Við bæinn Krossa á Árskógsströnd er höll sem heitir Strumphóll.



Víkingar báru ekki hyrnda hjálma.

YFIRHEYRSLAN

Hjálmar Örn Jóhannsson er 45 ára samfélagsmiðla-stjarna. Hann sló í gegn með með leikþáttum sínum á Snapchat þar sem hann bregður sér í hin ýmsu gervi, til dæmis sem Hvítvínskonan, Kagginn og gervifemínistinn Karl Magnason Önnuson Sigrúnarson. Árið 2018 lék hann stórt hlutverk í kvikmyndinni Fullir vasar. DV tók Hjálmar Örn í Yfirheyrslu.

Hjúskaparstaða og börn?

Ég er í sambandi og á fjögur börn.

Hver er fallegasti staður á landinu?

Árbærinn í Reykjavík, hverfi 110 og Langanes.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst krakki?

Ég ætlaði að verða atvinnumaður í fótbolta, og þá helst að spila með jaðarliði sem myndi ekki vinna mikið.

Notar þú rakspíra?

Alltaf.

Trúir þú á karma?

Já.

Versta ráð sem þú hefur fengið?

Það var „Stattu alltaf fast á þínu.“ Maður á alls ekki að standa fast á sínu ef maður hefur rangt fyrir sér.

Áttu leyndan hæfileika?

Já, ég get haldið á svakalegum fjölda af rauðvíns-glósum í höndinni. Ég lærði það þegar ég vann sem þjónn í Norður-Wales.

Hvernig gekk þér í samræmdu prófunum?

Ég rétt slapp og náði. Einkunnirnar mínar fara ekki í sögubækurnar.

Hvort heldur þú með Tomma eða Jenna?

Tommi. Jenni var óþokki og það kemur sífellt betur í ljós með meiri umræðu um þá tvo.

Hverjir eru mann-kostir þínir?

Að ég sé jákvæður.

En lestir?

Að ég sé of jákvæður.

Fyrsti stjórnmálaflokkurinn sem þú kaust?

Það var Alþýðflokkurinn.

Ertu matvandur?

Nei, ég borða allt nema smokkfisk.

Hvaða dýr lýsir skapgerð þinni best?

Kóalabjörn.

Með hvaða íþróttaliði heldur þú á Íslandi?

Fylki.

Uppáhaldshljómsveit?

The Smiths og Joy Division.

Fyrsta atvinnan?

Það var við bílaþvott.

Eitthvað að lokum?

„Ef enginn er eins þá er enginn venjulegur.“ Munið þetta gott fólk.



Íslenskar íþróttabullur



Svarthöfði

Í vikunni fór fram mikill hitaleikur í úrslitum körfuboltans. Galvaskir Breiðhyltingar slökktu sigurvonir Vesturbæinga með þriggja stiga körfu á lokaandartökum leiksins, og boltinn sveif í fallegum boga beint í netið. Við tóku alsæluorg í öðrum enda salarins en gnístandi dauðþögn í hinum. Svona geta nú íþróttirnar verið magnaðar. Að fólk geti sýnt slík viðbrögð við því að sveittur karl í stuttbuxum kasti leðurtuðru í gegnum járnhring.

Það sem gerðist líka á leiknum var að Martina, dóttir Borche Ilievski, þjálfara Breiðhyltinga, sýndi Kristófer Acox, leikmanni KR, tvær löngutangir þegar hann féll eftir harða rimmu. Stundum er þetta að kallað að sýna örninn, flippa einhverjum eða einfaldlega að gefa fukk-jú merki.

Íslenskur dólgháttur á íþróttaleikjum er alltaf fyndinn, sérstaklega þegar það gerist í

Það getur enginn orðið töffari eða alræmdur af því að vera íslensk körfubolta-bulla

körfubolta eða handbolta. Bráðfyndinn. Aðeins tveir mánuðir eru síðan slagsmál áttu sér stað í bikarúrslitaleik á milli Garðbæinga og Breiðhyltinga. Sauðdrukkinn æskulýðsfulltrúi og stuðningsmaður Garðarbæjarliðsins átti þar upptökin og var rekinn út. Svarthöfði man einnig eftir því þegar Mosfellingar voru bardir í stöppu af Kópavogsbúum í bikarleik í handbolta fyrir meira en fimmtán árum. Svarthöfði flissar enn þá við þá minningu.

Í stóra samhenginu eru bullulæti á íþróttaleikjum ekkert



gamanmál. Allir muna eftir stórslysum í Hillsborough og Heysel. Það er ekkert grín að lenda í knattspyrnubullum frá Bretlandi og sennilega mun verra að lenda í þeim rússnesku eða tyrknesku. Sumar bullur hafa verið híffar upp á stall. Gerðar hafa verið kvikmyndir, og bullufélög, tengd ákveðnum fótboltaaliðum, orðið fræg.

Í þessum samanburði verða íslensk bullulæti alltaf kjánaleg. Við erum svo lítil og svolítið hallærisleg líka. Það getur enginn

orðið töffari eða alræmdur af því að vera íslensk körfubolta-bulla. Í besta falli er hlegið að þessu fólk, sem veðrast svo upp við að horfa á leikinn að það missir alla stjórn á sjálfu sér og ræðst á náungann. Ísland er líka svo lítið land að það getur aldrei myndast þessi mikla gjá milli stuðningsmanna eins og úti í heimi. Undantekningin frá því er vitaskuld glímufélögin við Mývatn, Eilífur og Mýetingur. Svarthöfði getur vel skilið að þar geti soðið upp úr á milli stuðningsmanna. ■



RÁÐSTEFNUR OG VINNUFUNDIR Á LAUGARVATNI

"Í Héraðsskólanum á Laugarvatni er að finna fullkomna aðstöðu fyrir hópefli, vinnufundi og ráðstefnur."

"Hvernig væri að brjóta upp vinnuvíkuna í haust og koma með hópinn á Laugarvatn í góðan mat og gott vinnu-umhverfi í gamla skólanum?"

ÁST OG FRÍÐUR Á LAUGARVATNI

Andi kærleikans svífur yfir Laugarvatni

Verið ávallt velkomin - www.heradsskolinn.is



„Lögreglan gerir ekkert í málunum þó svo að allir í blokkinni hafi kvartað

Ófremdarástand í Klukkubergi

Stöðugt partístand, dópneysla og hávaði

Auður Ösp Guðmundsdóttir
auður@dv.is



Íbúar fjölbýlishúss í Klukkubergi í Hafnarfirði eru úrræðalausir gagnvart ófremdarástandi í einni af íbúðum hússins. Viðmælendur DV segast engan frið fá fyrir stöðugum gesta-gangi og ónæði sem einkennist af partístandi, háværi tónlist og látum sem rekja má til fíkniefnaneyslu. Lögreglan hefur ekki sinnt málinu þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar. Ástandið hefur varað í rúmlega tvo mánuði.

Skíthrádd við fólkið

DV ræddi við hjón sem búsett eru í húsinu en þau vilja ekki koma fram undir nafni af ótta við

afleiðingarnar. Konan segist vera „skíthrádd“ við fólkið sem dvelur í íbúðinni og þar angi allt af kannabis.

„Á neðri hæðinni býr stúlka sem er alla daga, hvort sem það er helgi eða virkur dagur, með alls konar lýð hjá sér,“ segir konan en eiginmaður hennar segir ástandið hafa byrjað fljótlega eftir að unga konan flutti inn. Ónæðið segir hann einkennast af stöðugum látum og öskrum. „Þetta er nánast allan sólarhringinn, partíð dettur kannski niður í smástund og svo byrjar þetta aftur.“

Maðurinn segir íbúa hússins margsinnis hafa rætt málið sín á milli og sendi húsfélagið bréf á leigusala ungu konunnar þar sem

kvartað var undan ástandinu. „Leigusalinn hefur greinilega talað við hana af því að eftir það róaðist þetta í nokkra daga. En síðan byrjaði þetta bara aftur og hefur ekki hætt.“

Börn í hættu

Maðurinn segist einu sinni hafa bankað upp á hjá konunni til að kvarta en hrökklast í burtu. „Þarna inni var alls konar pakk og mér var hreinlega hótáð lífláti. Ég flýtti mér í burtu og fór og hringdi á lögregluna. Sem kom síðan ekki.“

Hjónin taka fram að í húsinu sé mikið um fjölskyldufólk. Þau segja ungu konuna oftast en einu sinni hafa sést keyrandi um svæðið undir áhrifum vímuefna og verið

„Þetta þarf að stoppa áður en einhverhreinlega drepst

nálægt því að keyra á börn sem búsett eru í húsinu. Ástandið hefur nú varað í rúmlega tvo mánuði að sögn hjónanna. Þau segja lögregluna hafa vitað af ástandinu síðastliðnar fimm vikur án þess að aðhafast nokkuð. „Það er eins og það sé alveg sama hvað maður segir við þá, við fáum svör eins og „það er nóg að gera“, „við förum í þetta“ og „þetta er í farvegi.“

Hjónin gagnrýna harðlega aðgerðaleyfi lögreglunnar í

málinu. „Lögreglan gerir ekkert í málunum þó svo að allir í blokkinni hafi kvartað, bæði til lögreglunnar og húsráðanda. Það hafa allir beðið um nafnleynd enda mikið af sprautuliði sem er þarna hangandi fyrir utan með alls kyns læti og ógeð sem maður vill ekki beint á tröppurnar hjá sér. Þetta þarf að stoppa áður en einhver hreinlega drepst hérna fyrir utan.“ ■

GIMLI
FASTEIGNASALA



KÖGURSEL, 109 REYKJAVÍK
75.900.000 kr.

Tegund Einbýli á 2 hæðum
Stærð 199 M²
Herbergi 6



NAUSTABRYGGJA, 110 REYKJAVÍK
79.900.000 kr.

Tegund Fjölbýli
Stærð 184 M²
Herbergi 6



KVÍSLARTUNGA, 270 MOSFELLSBÆR
86.900.000 kr.

Tegund Parhús á 2 hæðum
Stærð 286 M²
Herbergi 7

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR

Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038



Opið virka daga kl. 12-18:30
Laugardag kl. 12-16
Sunnudag kl. 13-17
Takmarkað magn!

2.-5. maí.

RISA

LAGERSPENDING

20-70%



afsláttur af skiptidýnum,
eldri gerðum, útlitsgölluðum
dýnum, stillanlegum rúmum,
sófum, náttborðum, koddum,
lökum, hótél baðmottum,
handklæðum, sængurvera-
settum o.fl. o.fl.

10-50%
afsláttur af hvíldarstólum
og sófum í verslun
meðan á lagersölu stendur

20% afsláttur af
mjúkvöru í
verslun

12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ

Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30

Laugardag 12:00 - 16:00

*3.5% lántökugjald



Hvíldarstólar



Sófar



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

„ÞETTA ER LÖGLEYSA“

■ Kvartað undan duldu auglýsingum áhrifavalda daglega til Neytendastofu ■ Áhrif

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Áhrifavaldar er stétt sem fer sífellt stækkandi hér á landi, en þeirra helsta tekjulind er að auglýsa vörur og þjónustu fyrirtækja á sínum samfélagsmiðlasíðum. Fyrirtæki sjá hag sinn í að nýta áhrifamikla einstaklinga með mörg þúsund fylgjendur til að auglýsa sína þjónustu og þótt slík atvinnustarfsemi sé tiltölulega ný af nálinni hér hefur henni verið beitt erlendis um árabil.

Flestir helstu áhrifavaldar á Íslandi í dag eru búnir að færa sig yfir á Instagram, sem er fimmtí stærsti samfélagsmiðillinn í heiminum samkvæmt skýrslu Digital Information World. Instagram hefur bætt við sig ár frá ári, en vinsælasti samfélagsmiðillinn er Facebook og þar á eftir kemur YouTube, sem íslenskir áhrifavaldar hafa lítið snert. Snapchat er á hraðri leið og er nú tíundi vinsælasti samfélagsmiðillinn í heiminum.

Styður ekki fréttamennsku

DV hefur undanfarið fjallað um duldar auglýsingar á samfélagsmiðlum, þar sem áhrifavaldar hafa nýtt sér stöðu sína til að auglýsa eigin fyrirtæki án þess að geta eignarhalds. Einn þessara áhrifavalda er Tanja Ýr, sem er með rúmlega 32 þúsund fylgjendur á Instagram. DV sagði frá því að Tanja hefði auglýst gjafir frá fyrirtækinu Bossbabe, sem reyndist svo vera í eigu hennar sjálfar. Tanja var ósátt við umfjöllunina.

„Ég hef ekki haft neinn áhuga að ræða við fréttamiðla í langan tíma því ég styð ekki fréttamennsku sem snýst um að tala

niður til fólks, gera lítið úr eða fara með rangt mál án þess að kynna sér málin til enda,“ skrifaði Tanja í færslu á Instagram. „Það virðist vera alveg sama hvað ég geri þá eru fjölmiðlar sem þekkja mig ekki neitt að skrifa nákvæmlega svona eða svipaðar greinar sem hafa ekki neinn annan tilgang en að tala illa um mig sem og vörumerkin eða fyrirtækin mín.“

Kvartað yfir vinsælustu áhrifavöldunum

Neytendastofa hefur eftirlit með duldu auglýsingum á samfélagsmiðlum, ásamt öðru, og tekur við ábendingum frá almenningi.

„Við fáum mjög mikið af ábendingum um duldar auglýsingar. Þær koma í skorpum og oft er það tengt einhverri umfjöllun í fjölmiðlum, en það kemur svo til að meðaltali ábending á hverjum degi,“ segir Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu, aðspurð um þann fjölda ábendinga um duldar auglýsingar sem Neytendastofu berst alla jafna. Hún segir að Neytendastofa þyrfti að hafa meiri mannskap til að anna öllum ábendingum og að flestar þeirra tengist áhrifavöldunum með flestu fylgjendurnum. „Eðli málsins samkvæmt þá koma flestar



Hér eru dæmi um kostad efni sem gæti fallið undir þá skilgreiningu að vera illa merkt, þótt ekki sé hægt að slá því föstu þar sem ekki hefur verið úrskurðað um slíkt af Neytendastofu.



Fanney Ingvarsdóttir.



Emmsjé Gauti.

ábendingar varðandi þá áhrifavalda sem hafa flesta fylgjendur og eru mest áberandi.“

Þórunn segir að starfsmenn Neytendastofu

vakti einnig samfélagsmiðla í sínu hefðbundna eftirliti á duldu auglýsingum og þegar mál komi upp sem kynnu að brjóta í bága við lög fari þau í hefðbundið stjórnsýsluferli. Þá sendir Neytendastofa fyrirspurn til tiltekins fyrirtækis og áhrifavalds og óskar eftir nánari upplýsingum um meint samstarf á samfélagsmiðlum. „Það er allur gangur á því, eins og almennt er með mál, hvort fyrirtæki svari fyrsta bréfi og hvort þurfi að ítreka erindið,“ segir Þórunn.

„Þið megið endilega pestara eitthvað annað líð“

Tvær ákvarðanir hafa verið birtar

á heimasíðu Neytendastofu er varða duldar auglýsingar á þessu ári, báðar tengdar bílaumboðinu Heklu. Í öðru tilvikinu var það áhrifavaldurinn og tónlistarmaðurinn Emmsjé Gauti sem auglýsti fyrir Heklu á sínum miðlum. Fjórir ákvarðanir um duldar auglýsingar birtust á heimasíðu Neytendastofu í fyrra og voru það áhrifavaldarnir Svana Lovísa Kristjánsdóttir og Fanney Ingvarsdóttir ásamt fyrirtækjunum Origo og Sahara Media sem voru áminnt fyrir að dylja auglýsingar á myndavélum á blogg síðunni Trendnet. Eftir birtingu allra þessara ákvarðana hafa áhrifavaldarnir sem um ræðir viðrað óánægju sína með störf Neytendastofu opinberlega. Fanney skrifaði til að mynda langan blogg pistil um hve „sorglegt“ það væri að Neytendastofa hafi „elt hana uppi“ og áminnt hana.

„Allt út af einni myndavél. Eins og ég segi finnst mér þetta mjög persónulegt! [...] Ég myndi taka þetta á mig ef ég vissi upp á mig sökina og væri óspart (eða bara að einhverju leyti) að nýta mér aðstöðu mína í að brjóta neytendalög með duldu auglýsingum!“ skrifaði Fanney. Emmsjé Gauti sendi Neytendastofu pillu á Facebook í kjölfar ákvörðunar er varðaði hann. „Það er mjög augljóst að þið eruð að taka mig fyrir til þess að sýna fordæmi og hræða „áhrifavalda“ en ég er með mína hluti á lási svo þið megið endilega pestara eitthvað annað líð.“

Framangreind fyrirtæki og áhrifavaldar hafa verið áminntir í ákvörðunum Neytendastofu en tekið skýrt fram að sekt liggja við ef ákvörðun Neytendastofu er virt að vettugi. „Sektarheimild er allt upp í tíu milljónir, en við beitum yfirleitt ekki sektum við fyrsta brot. Við metum sektarfjárhæð til dæmis út frá alvarleika brotsins og samstarfsvilja. Einnig kemur til skoðunar hvort viðkomandi sé að brjóta ákvörðun, hvort um gróft brot sé að ræða og sekta í sambærilegum málum,“ segir Þórunn.

Duldar auglýsingar bannaðar með lögum

Á vef Neytendastofu er að finna leiðbeiningar um auðþekkjanlegar auglýsingar í fjölmiðlum, á vefsíðum og samfélagsmiðlum. Í leiðbeiningunum er vísað í lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í 6. grein laganna stendur skýrt að duldar auglýsingar séu bannaðar: „Auglýsingar skulu þannig úr garði

gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða.“

Þá stendur í leiðbeiningum Neytendastofu að auglýsing sé í stuttu máli „hvers konar tilkynning sem er miðlað gegn endurgjaldi og felur í sér kynningu á ímynd, vöru eða þjónustu.“ Þetta endurgjald getur verið bæði í formi peninga og gjafa. Þá gilda lög um viðskiptahætti og markaðssetningu um alla atvinnustarfsemi, „án tillits til þess hvort um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem sýslad er með gegn endurgjaldi.“ Með hliðsjón af leiðbeiningum og lögum segir Þórunn að lykílatríði sé að auglýsingar séu vel merktar sem slíkar.

„Grundvallarreglan er að það fari ekki á milli mála að um auglýsingu sé að ræða. Í leiðbeiningunum er ekki fjallað um hvaða punktastærð, letur eða lit eigi að nota til merkingar því það fer eftir miðlinum sem notaður er. Það myndi til dæmis væntanlega ekki vera nægilega vel merkt að hafa merkinguna innan um aðrar upplýsingar eða í hvítu letri á hvítum bakgrunni. Þetta þarf að vera skýr og skilmerkileg merking sem neytandinn sér áður en hann les eða horfir á færsluna svo hann sé meðvitaður um að um auglýsingu sé að ræða.“

Þórdís telur leiðbeiningar Neytendastofu ekki nógu skýrar.

„Lögin sem slík eru alveg nægilega skýr, duldar auglýsingar eru bannaðar og það kemur skýrt fram í lögnum. Lögin eru svo nánar útfærð í leiðbeiningum Neytendastofu og þar kemur fram að merkja skuli hvert innlegg í upphafi færslu og ég held að það sé það sem ruglar áhrifavalda mest í mínu. Ég hef örsjaldan séð texta við mynd þar sem #samstarf eða #auglýsing er á undan þeim texta sem viðkomandi lætur fylgja með myndum. Þetta er þó lykílatríði, því ég sem neytandi á að geta tekið ákvörðun um að skauta fram hjá auglýsingunni ÁÐUR en ég meðtek það sem verið er að auglýsa. Þá vil ég einnig benda á að ef áhrifavaldur er í einhvers konar samstarfi við fyrirtæki þá þarf viðkomandi að merkja hvert einasta innlegg sem inniheldur vörur frá því fyrirtæki, ekki bara það fyrsta,“ segir hún, en margir kannast við að horfa á heilu sögurnar á Instagram frá áhrifavöldum um ákveðnar vörur eða þjónustu, þar sem samstarf er einungis auglýst í fyrstu færslu, eða jafnvel aldrei.

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM
BÆTURNAR

SLYSABÆ+UR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is

OG Á EKKI AÐ LÍÐAST“

Áhrifavaldar líta á eftirlitið sem persónulega árás ■ Mikill peningur í samfélagsmiðlum

Breki Karlsson.



„ÞAÐ ERU ENGIN GRÁ SVÆÐI“

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, telur ábyrgðarleysi að dylja auglýsingar. „Lögín eru skýr hvað þetta varðar. Mér finnst lágmarkskrafa til allra, bæði einstaklinga og fyrirtækja, að fara að lögum. Það er skýrt í lögum að keyptar auglýsingar eða kostaðar ber að merkja sem slíkar á samfélagsmiðlum. Mér finnst það á ábyrgð allra, ekki síst fyrirtækja, að taka ekki þátt í svona lögleysu. Línurnar eru skýrar. Það eru engin grá svæði. Mér finnst að öll ábyrg fyrirtæki eigi að þekkja það. Mér finnst óþarfi að vera að reyna að laumast eitthvað. Þetta er lögleysa og á ekki að líðast,“ segir Breki.

„ÞAÐ ER HÆGT AÐ FÁ GÓÐAN PENING ÚR SAMFÉLAGSMIÐLUM“

Ómögulegt er að segja hve mikið áhrifavaldar fá greitt fyrir að auglýsa þjónustu og vöru. Markaðsfræðingur sem vill ekki láta nafns síns getið segir það hins vegar ljóst að vinsælir áhrifavaldar með yfir tuttugu þúsund fylgjendur auglýsi ekkert frítt. Því þurfi að taka færslur með fyrirvara þar sem ákveðnar vörur eða þjónusta er sýnd með tengingu í fyrirtæki sem býður upp á tēja vöru og þjónustu. Þó færslan sé ekki merkt sem auglýsing sé hægt að leiða að því líkur að um kostað efni sé að ræða. Þessi sami markaðsfræðingur, sem keypt hefur þjónustu áhrifavalda, heldur því fram að fyrirtæki leiti í auknum mæli eftir því að gera langtímasamninga við áhrifavalda sem felst í mánaðarlegri greiðslu fyrir ákveðið margar færslur í mánuði. Geti þessir samningar gefið á bilinu 100 til 200 þúsund krónur í laun á mánuði og stundum jafnvel meira, allt eftir áhrifavaldinum. Stærstu áhrifavaldar á Íslandi eru margir hverjir, að sögn heimildarmanns DV, með nokkra langtímasamninga í gangi.



stuttu. Hún sagðist helst vilja vera með fjóra til fimm langtímasamninga við ákveðin fyrirtæki. Þá sagði hún hægt að þéna vel í starfi áhrifavaldsins. „Já, það eru peningar í samfélagsmiðlum. Það er hægt að fá góðan pening úr samfélagsmiðlum.“

Umboðsskrifstofan Creative Artists Iceland, CAI, er ein sú stærsta hér á landi, ef ekki sú stærsta þegar kemur að áhrifavöldum. Áhrifavaldar, eins og Sólrún Diego, Camilla Rut, Guðrún Veiga og fyrrnefnd Lína Birgitta, eru allir á samningi hjá CAI. Árni Björn Helgason, eigandi CAI, getur ekki svarað því hve mikið áhrifavaldar fá fyrir að auglýsa vörur og þjónustu á samfélagsmiðlum. „Það fer allt eftir manneskju, fyrirtæki, vöru, tímalengd, fjölda fylgjenda,“ segir Árni Björn en ítrekar að duldar auglýsingar séu ekki til sölu hjá áhrifavöldum hjá CAI. Hann segir það raunina að áhrifavaldar leitist við að ná langtímasamningum við fyrirtæki í stað færri og minni verkefna, en gefur ekki upp hve mikið áhrifavaldar taka fyrir kostaðar færslur á samfélagsmiðlum.

ERFITT AÐ SKÝLA SÉR Á BAK VIÐ FÁFRÆÐI

Lögfræðingurinn Þórdís Valsdóttir skrifaði lokaritgerð í sínu meistaranámi um duldar auglýsingar á samfélagsmiðlum. Þá komst Þórdís einnig í kastljósið í fyrri í kjölfar þess að hún sendi ábendingu á Neytendastofu um brot fyrrnefndra áhrifavalda, Fanneyjar og Svönu. Í kjölfarið lenti Þórdís í netarásum frá áhrifavöldum. „Mér brá auðvitað talsvert þegar ég sá að allt í einu var ég orðin eitt-hvert skotmark áhrifavaldanna, í raun fannst mér óþarfi að „skjóta sendiboðann“. Ég skil ekki almennilega hvers vegna þetta

er svona mikið feimnismál, það að dylja auglýsingar á samfélagsmiðlum er brot á lögum og mér þykir furðulegt að þeir sem hafa verið gripnir við slíkt lögbrott beini reiði sinni að mér persónulega í stað þess að viðurkenna að mistök hafi átt sér stað. Ég held nefnilega að margir áhrifavaldar og auglýsendur á samfélagsmiðlum séu ekki að brjóta reglurnar vissvitandi, en þó held ég að núna ætti þetta að vera orðið nokkuð skýrt svo það er erfðara að skýla sér á bak við fáfræði.“



Þórdís Valsdóttir.

GRÆNA TUNNAN AUFVELDAR FLOKKUNINA

Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola

Ísleńska Gámafélagið 577 5757

Ísleńska Gámafélagið

Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta

Kennarar hugsi vegna fyrirlestur

■ Gera verður greinarmun á virkum og óvirkum skjátíma ■ Vill meta árangurinn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Björn Hjálmarsson læknir hefur flutt fyrirlestra fyrir foreldrafélög um snjalltækjavæðinguna og skjátíma barna. Dregur hann þar fram mjög marga neikvæða þætti sem fylgi notkuninni. Kennarar eru ekki á eitt sáttir við þennan málf lutning og segja Björn beita hræðsluáróðri, hann geri ekki greinarmun á virkum og óvirkum skjátíma. Snjalltækin séu veruleiki barnanna og góð kennslutæki sömuleiðis. DV ræddi við Má Ingólf Mátsson kennara og Björn Hjálmarsson.

Opnar nýjar víddir

Már Ingólfur Mátsson er grunn-skólakennari á Selfossi og hefur mikla reynslu af kennslu með skjátækjum. Fyrir nokkrum árum hófst snjalltækjavæðing skólanna en þeir beita mismunandi aðferðum. Sumir skólar láta alla nemendur í ákveðnum bekkjum hafa skjátæki en í öðrum er heimilt að koma með tæki að heiman.

Í samtali við DV segir Már að reynslan af kennslu með skjátækjum sé mjög góð og opni nýjar víddir í kennslunni. Hann segir:

„Skjátækin bjóða upp á hluti sem hafa hingað til ekki verið í boði. Mjög fjölbreytt verkefni fyrir nemendur. Þessi umræða um skjátíma og snjallsímabönn er í öngstræti. Ef við berum þetta saman við smíðakennslu þá væri slíkt bann eins og að láta nemendur nota gamlan handbor í stað nútímaverkfæra. Skjátækin eru það sem krakkarnir nota í daglegu lífi og það sem þau kunna á. Hér í skólanum kennum við þeim að nota tækin á skynsaman hátt, hvort sem þau eru sex eða sextán ára.“

Einsleit sýn á tækjanotkun

Már segir að kennarar séu hugsi yfir þeim málf lutningi sem Björn Hjálmarsson, barnalæknir á BUGL, fari með, til dæmis í fyrirlesturum og glærusýningum fyrir foreldrafélög. Í slíkri glærusýningu sem sýnd var í Smáraskóla í Kópavogi er dregin upp dökk mynd af skjátækjanotkun barna og takmörkun skjátíma boðuð. Í glærusýningunni eru útlistuð tengsl skjátækjanotkunar við seinkaða

máltöku, verri námsárangur, hegðanavandamál, geðtruflanir, offitu, svefntruflanir, stoðkerfavandamál, krabbamein og dauðsföll í umferðinni, svo eitthvað sé nefnt.

Hvað er það sem er ámælisverðast í málf lutningi Björns Hjálmarssonar?

„Þetta er mjög einsleit sýn á tækjanotkun og úrelt hugmynd um skjátíma. Það er ekki hægt að setja allt undir sama hatt. Í skólunum erum við að vinna með virkan skjátíma. Þá eru nemendur ekki að meótaka efni heldur að skapa sjálf og vinna með tækjunum. Eins og Björn talar þá eru börnin viljalausir þrælur fyrir framan skjáinn frá morgni til kvölds,“ segir Már.

Einnig segir hann að margt í glærusýningunni eigi sér ekki stöð í raunveruleikanum og heimildir séu handvaldar.

„Björn vísar jún í heimildir. En þegar þær eru skoðaðar eins og til dæmis grein Victoriu Dunckley sem mikið er vísað til, þá kemur í ljós að þetta er aðeins skoðana-grein í Psychology Today. Þetta er ekki ritrýnd heimild. Maður fær það á tilfinninguna að þetta sé hræðsluáróður og mjög ósann-gjarn.“

Þá segir Már að sumt sem Björn dragi fram, til dæmis tengsl eftirtæktarleysis í umferðinni og skjátíma barna, sé loðið og illskiljanlegt.

„Hann stekkur líka á rafsegulbylgjuvagninn.“ Það er að rafsegulbylgjur valdi krabbameini. „Sem er ekki búð að rannsaka eða sanna. Það verða að teljast mjög hæpin vísindi og hann dregur fram mjög dökka mynd af því sem sé að breytast samfara skjátækjanotkun. Vaxandi svefnlyfjanotkun barna og unglunga, offitufaraldur, lækandi greindarvísitala, vaxandi álagsverkir, vaxandi nýgengi krabbameina í börnum á heimsvísu! Ég held að það sé enginn kennari á Íslandi, sem er að nota þessi tæki, sem tengir við neitt af því sem hann er að segja. Það er enginn að halda því fram að tækin séu töfralausn sem að bjarga öllu skólastarfi. En þetta er hluti af nútímanum og þessi orðræða er til þess að vekja óhug hjá fólki.“

Auschwitz í Minecraft

Er eitthvað til sem heitir heilbrigð-



Már Ingólfur Mátsson Segir reynslu af skjátækjum við kennslu góða.

ur skjátími?

„Það fer eftir því hvernig skjátími það er. Ég á fjögurra ára gamla dóttur og myndi aldrei leyfa henni að horfa á Youtube-myndbönd samfleytt í fimm klukkutíma, óvirkan skjátíma. Annað gildir um virkan skjátíma. Hér í skólanum eru 210 krakkar á unglíngastigi með tæki frá átta um morgun til tvö á daginn. Þau eru að lesa smásögur, svara spurningum, taka upp myndbönd.“

Már segir að í allri þessari umræðu gleymist oft að ræða við kennarana sem eru að vinna með tækin á hverjum degi.

„Kennarar eru að gera ótrúlegustu hluti með nemendum sínum og hægt að fylgjast með á myllu-

merkinu Snjallnemendur. Á Saudárkróki lásu nemendur bókinu Drengurinn í röndóttu náttfötunum og nokkrir strákar byggðu í kjölfarið sögusviðið Auschwitz í tölvuleiknum Minecraft. Sögur eins og þessar komast ekki að út af neikvæðu orðræðunni um skjátækini.“

Stöðug freisting

„Þetta er mjög öflug og góð tækni en við þurfum að gæta þess að við séum við stjórnvölinn en ekki tæknin. Við megum ekki láta tæknina taka af okkur ráðin,“ segir Björn Hjálmarsson í samtali við DV. Segir hann að margt sé enn órannsakað varðandi hina öru þróun snjalltækja og áhrif þeirra

á börn og unglunga. Nefnir hann að Kópavogur hafi riðið á vadið í snjalltækjanotkun og þá reynslu verði að skoða.


„Það vantar allar rannsóknir til að sýna að spjaldtölvuvæðing skólanna taki hefðbundnu námsaðferðunum fram. Ég er að kalla eftir því að þetta tilraunaverkefni Kópavogsskaupstaðar verði tekið út, kostirnir og ókostirnir mældir, því nú eru komnir upp árgangar í framhaldsskóla sem hafa tekið þátt í þessari kennslutilraun. Það væri dýrmætt að heyra frá framhaldsskólum hvernig nemendur í spjaldtölvuvæddum skólum koma undirbúnir til framhaldsskólans borið saman við nemendur sem hafa notið hefðbundinna

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantánir á varahlutum.

Var Björns um skjá-tækjanotkun

af tilraunaverkefni Kópavogs

Hvað er að breytast samhliða vaxandi skjátíma?

Glærusýning Dregur upp mjög dökka mynd af skjánotkun barna og unglunga.

- Vaxandi svefnlyfjanotkun barna og unglunga
 - Circadin (melatónín)
- Offitufaraldur meðal barna og unglunga
- Lækkandi greindarvísitala barna og unglunga
 - Dunckley, 2015
- Versnandi námsárangur
 - Kubey et al., 2001 / Sharif et al., 2010 / Peiro' -Velert, 2014 / AAP 2016
- Vaxandi álagsverkir frá stoðkerfi hjá ungu fólki
- Vaxandi netávani og netfíkn
 - Netfíkn verður hugsanlega faraldur 21. aldarinnar
 - Ný gerð örorku? (*Hikikomori phenomenon*)
 - Cerniglia, 2016
- Vaxandi nýgengi krabbameina í börnum og unglungum á heimsvísu
 - Steliarova-Foucher et al., 2017



Björn Hjálmarsson Hefur varað við mikill skjá-tækjanotkun barna.

Ég held að það sé enginn kennari á Íslandi, sem er að nota þessi tæki, sem tengir við neitt af því sem hann er að segja.

garð. Stjórnvöld í þessum löndum líta á hina stafrænu byltinu sem lýðheilsuvanda. Ég er alls ekki að boða einhver endanlegan sannleik heldur hvet til samfélagslegrar umræðu um þessa miklu byltinu. Við þurfum að gæta að því að byltin borði ekki börnin okkar.“

Tækin eru nútíminn sem börnin lífa í. Er ekki verið að vekja upp hræðslu hjá fólki við nútímanum?

„Þetta eru miklar samfélagsbreytingar sem tækin koma með og það væri mikil bjartsýni að halda því fram að þær væru algóðar. Allt sem ég bið um er að við umgöngumst þetta af skynsemi og yfirvegun. Hámörkum not okkar

fyrir þessa nýju og öflugu tækni og lágmörkun fylgikvillana. Það hlýtur að verða sameiginlegt markmið okkar allra.“

Rætt í stjórnmálum og skólum

Snjallsímabönn hafa verið mikið til umræðu í samfélaginu á undanföllum árum, bæði erlendis og hér á Íslandi. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, þáverandi óháður borgarfulltrúi, lagði fram tillögu um snjallsímabann í Reykjavík vorið 2018. Hlaut tillagan ekki brautargengi. Hún barðist einnig fyrir snjallsímabanni í kosningabaráttunni til sveitarstjórnar í fyrravör. Þá var hún oddviti flokksins Borgin okkar en hlaut einungis 0,4 prósentu stuðning kjósenda.

Aðrir stjórnmálamenn hafa látið sig málið varða. Til dæmis Björn Levi Gunnarsson, þingmað-

ur Pírata. Hann hefur skrifað um að snjallsímarnir í skólum séu ekki vandamál í sjálfu sér. En nauðsynlegt væri að fræða börnin um hvernig ætti að nota tæknina.

Snjallsímabönn hafa vitaskuld verið mikið rædd innan skólanna. Síðastliðið haust lagði Fræðslunefnd Fjarðabyggðar til að nemendum yrði bannað að koma með snjalltæki í skólana. En tækin væru svo mikilvæg í kennslu að bannið væri ekki hægt að setja á fyrr en skólinn sjálfur hefði eignast nógu mikið af tækjum.

Íseptembersíðastliðnum ræddi RÚV við Helgu Kristínu Gunnarsdóttur, aðstoðarskólástjóra Valhúsaskóla á Seltjarnnesi. Sagði hún þá óraunhæft í framkvæmd að banna farsíma í skólum. Aðeins foreldrar gætu sett strangari reglur um farsíma. ■

námsaðferða.“

Björn segir að grunnmenntun kennara hafi ekki tekið mið af snjalltækjavæðingunni og það sé vafasamt að byrja tilraunir á grunnskólastiginu. Betra væri að feta sig áfram á framhaldsskólastiginu, þar sem unglungar á þeim aldri hafi meiri þroska og sjálfsaga.

Gerir þú nægilegan greinarmun á virkum og óvirkum skjátíma?

Skjátíminn héraendis var orðinn mikill hjá börnum og unglungum, jafnvel áður en snjalltækjabyltingin reið í garð. Yngstu börnin ráða ekki við þetta frelsi því það er stöðug freisting í gangi um að gera eitthvað annað en fást við námsefnið. En ég tek algjörlega undir það að það er mikill munur á námsefni og tölvuleikjum og því umlíku. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur komið fram með nýja greiningu sem er leikjarskuningur (gaming disorder).“

Litur til Austurlanda fjær

Þú dregur fram mjög svarta mynd, getur hún staðist?

„Ég hef reynt að fylgja leiðbeiningum bandarísku barnalækna-samtakanna sem hafa verið vak-in og sofin yfir þessari byltinu og veitt foreldrum markvissa ráðgjöf.

Þetta er ný og öflug tækni og við verðum að nýta hana eins skynsamlega og við getum. Varðandi til dæmis ofþyngdina er hægt að

sjá beintengingu við skjátíma í rannsóknnum. En hvað varðar aukingu á greiningu krabbameina, þá tek ég það skýrt fram á fyrirlesturum að við vitum ekki hvernig á því stendur. Það gæti tengst öðrum þáttum í umhverfinu. Í fyrirlestri mínum bendi ég einfaldlega á þá lýðheilsuþætti hjá börnum og unglungum sem eru að breytast á sama tíma og stafræna byltin reið í garð. Ef það eru til staðar skaðleg áhrif af snjalltækjum þurfum við að vernda börnin fyrir þeim. Það er siðferðileg skylda okkar fullorðna fólksins.“

Hvað varðar Victoriu L. Dunckley, þá viðurkennir Björn að hún sé umdeild en hafi reynslu og hafi skrifað bók um málefnið, *Reset your child's brain* árið 2015.

„Ég legg ríka áherslu á það í mínum fyrirlesturum að þetta séu ekki ritrýnd skrif heldur hennar kenningar og hugarsmið studd fjölmörgum klínískum dæmum úr sjúklingasamlagi Victoríu. Ég flyt erindi hennar því með þeim fyrirvara, en eftir hvern fyrirlestur koma til mín áhyggjufullir foreldrar sem segjast kannast við einhver af þessum einkennum sem Victoria L. Dunckley lýsir hjá börnum þar sem skjátími er orðinn lengri en barnið þolir. Rannsóknnum fleygir fram og ég hef litið mikið til Austurlanda fjær í minni heimildaöflun, því þar reið stafræna byltin fyrst í



HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO ALLT GANGI SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Næsta gullkynslóð?

■ Ungir landsliðsmenn halda í spennandi verkefni ■ Stjórnurnar verða til á svona sviði

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is

Davíð Snorri Jónasson, þjálfari U17 ára landsliðsins, hefur verið að gera frábæra hluti með þessa yngstu kynslóð sem kemur fram fyrir þjóðina. Davíð er með góðan aðstoðarmann í Þorvaldi Örlygssyni en liðið heldur nú í lokakeppni EM 2019. Keppnin er haldin á Írlandi dagana 3.–19. maí. Ísland er þar í riðli með Portugal, Ungverjalandi og Rússlandi. Strákarnir mæta Rússlandi í fyrsta leik sínum í riðlinum laugardaginn 4. maí.

Búa til landsliðsmenn framtíðar

Yngri landslið eru fyrst og síðast vettvangur til að búa til A-landsliðsmenn framtíðarinnar og að ná árangri í yngri landsliðum getur hjálpað til. Það hefur gullkynslóð okkar sannað, sem farið hefur á Evrópu- og heimsmeistaramót á síðustu árum. Þar höfðu flestir leikmenn farið á lokamót með yngri landsliðum. „Ég held að þetta hjálpi okkur, þú þarft að fara langa leið til að komast hingað. Við höfum staðið okkur mjög vel, það væri frábært að geta gert þetta á hverju ári. Þetta mun hjálpa okkur að búa til framtíðarlandsliðsmenn,“ sagði Davíð þegar blaðamaður ræddi við hann og bað hann að lýsa leikmönnum sínum.

„Þetta eru fyrst og fremst mjög duglegir leikmenn, þeir hafa tekið miklum framförum á þessu ári sem við höfum verið saman. Það er klúbbunum þeirra að þakka og síðan eru þeir hungraðir í að verða betri í fótbolta, þeir vilja ná langt.“



Andri Lucas Guðjohnsen

Ungir drengir þurfa að bíta í súrt epli

Davíð hafði spilað 29 leikmönnum í undirbúningi fyrir mótinu, en nú af þeim þurftu að bíta í það súra epli að verða ekki valdir í lokahóp. Það getur reynst ungum drengjum

Davíð Snorri þjálfari liðsins er brattur fyrir ferðina til Írlands.

Ísak Bergmann Jóhannesson



um stór biti að kyngja. „Við erum búnir að spila í fimm mótum, það eru 29 leikmenn sem hafa spilað á þessari leið á Evrópumótinu. Það vildu allir vera með í þessum lokahóp, það eru leikmenn sem eru utan hóps. Þeir eru meðvitaðir um að þeir geti komið inn ef eitthvað gerist, þannig er fótboltinn. Þetta er hluti af því að læra, stundum ertu á bekknum, stundum í byrjunarliðinu og stundum utan hóps. Ég vona innilega að þeir sem eru utan hóps, hugsi ekki að þetta sé endastöð.“

KSÍ leggur mikið í verkefnið

KSÍ setur mikla fjármuni í verkefnið og það sést best í því að 15 manna starfsliðs verður með liðinu á mótinu, umgjörðin er fyrsta flokks. „Það væri skemmtilegt, það er fullt af litlum gúlrotum í þessu. Það er frábær draumur sem við getum horft til. Ég er mjög ánægður með það starfslið sem KSÍ gefur leyfi til að taka með, við erum idulega átta starfsmenn í svona ferð. Núna fáum við auka sjúkrapjálfa og fjölmiðla-fulltrúa, og svo Víði Reynisson öryggisfulltrúa. Hann hefur séð um að skipuleggja allt. Ég er mjög þakklátur KSÍ fyrir stuðninginn við okkur.“

Leikmaðurinn sem allir eru spennir fyrir:

Andri Lucas Guðjohnsen, sonur Eids Smára og leikmaður Real Madrid, er sá drengur sem flestir fylgjast með. Davíð Snorri vill lítið ræða um hæfileika hans og framtíð. „Andri hefur búið erlendis og spilar á Spáni í dag, hann er eins

og hinir leikmenn liðsins. Mjög sterkur andlega, vill ná langt og vill verða góður. Leikmennirnir í þessum hóp eru allir eins, þeir vilja ná lengra en að bara spila. Andri getur náð langt eins og aðrir í hópnum, þeir eru hungraðir í ná langt.“

Stjórnur liðsins

Ísak Bergmann Jóhannesson
(Miðjummaður – 2003)

Það virðist ekki vera svo langt í að íslenska landsliðið nýti sér krafta Ísaks. Þessi öflugi miðjummaður á ekki langt að sækja hæfileikana. Jóhannes Karl Guðjónsson, faðir hans, átti afar farsælan feril á meðal þeirra bestu. Ísak lék einn leik með ÍA áður en hann var seldur til IFK Norrköping í vetur, þar er hann ekki langt frá aðalliði félagsins. Ísak lék með aðalliðinu í æfingaferð á dögnum og gæti spilað í efstu deild Svíþjóðar á komandi leiktíð. Hann á eftir að taka út líkamlega styrkinn en skilur leikinn betur en flestir.

Andri Lucas Guðjohnsen
(Sóknarmaður – 2002)

Eftirnafnið gerir alla spennu, en það ætti að forðast að setja einhverja auka pressu á kauda, þrátt fyrir afrekin sem faðir hans, Eiður Smári, vann á ferli sínum. Andri Lucas virðist vera fæddur markaskorari og hann leikur í dag með Real Madrid. Hann verður 17 ára á þessu ári og er orðinn lykilmáður í U19 ára landsliðinu. Gera má ráð fyrir að hann verði kallaður inn í U21 árs landsliðið í næsta verkefni og svo ætti að stytast í tækiferið með A-landsliðinu. ■

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR





- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



Íranski byltingarvörðurinn gengur á milli bols og höfuðs á umhverfisverndarsinnum og vísindamönnum

Loftslagsbreytingarnar hafa mikil áhrif í Íran og glímur landið við mikil vandamál þeim tengd. En samt sem áður gengur íranski byltingarvörðurinn fram af mikilli hörku gegn vísindamönnum, sem láta sig loftslagsmál varða, og umhverfisverndarsinnum sem reyna að finna lausnir á þeim vanda sem við er að etja. Telur byltingarvörðurinn að fólkið ógni þjóðaröryggi.

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Það var mikið áfall fyrir marga vísindamenn og umhverfisverndarsinna víða um heim þegar níu vísindamenn frá írönsku náttúruverndarsamtökunum Persian Wildlife Heritage Doudnation voru handteknir í lok janúar 2018 af íranska byltingarvörðunum. Voru vísindamennirnir sakaðir um að stunda njósnir fyrir CIA, Mossad og MI6. Níu mennirnir eru vel þekktir og virtir fyrir framlag sig til umhverfismála. Samkvæmt ákærunum þá not-

uðu vísindamennirnir myndavélar, sem þeir settu upp til að fylgjast með ferðum asíska blettatigursins, til að njósna um eldflaugaáætlun Íran.

Átta af vísindamönnum sitja enn í fangelsi og eru sakaðir um njósnir, spillingu og samsæri gegn þjóðaröryggi. Það skipti engu máli að opinber nefnd, sem innanríkis- og dómsmálaráðherrarnir sátu meðal annars í, hafi lýst því yfir í maí á síðasta ári að ekki væri vottur af sönnunargögnum sem

styðja þessar ásakanir. Í febrúar hófust réttarhöld yfir áttmenn-ingunum fyrir hinum alræmda byltingardómstól. Níundi vísindamaðurinn, íransk-kanadíski félagsfræðiprófessorinn Kavous Seyed-Emami, lést á dularfullan hátt í fangaklefa sínum nokkrum vikum eftir handtökuna. Yfirvöld segja að hann hafi svipt sig lífi en fjölskylda hans segir það óhugsandi.

Slapp naumlega

Saga íranska loftslagssérfræðingsins Kaveh Madani, sem kennir við Yale-háskólann í Bandaríkjunum, sýnir enn frekar hversu grimmdarlega byltingarvörðurinn gengur fram gegn þeim sem vinna að loftslagsmálum og umhverfis- og náttúruvernd.

Í Íran eru um 850 viðurkennd umhverfis- og náttúruverndarsamtök og árum saman gat fólk verið í þeim og fengið útrás fyrir óánægju sína með stöðu mála

Íranskir aktivistar Byltingarvörðurinn gengur hart fram.

نامه سرگشاده خانواده‌های فعالان محیط زیست به سران سه قوه به بیش از 7 ماه بازداشت بدون دلیل ومدرک عزیزانمان پایان دهید

An open letter from families of imprisoned environmental activists to Iranian officials
End more than 6 months of unjust imprisonment of our dearest ones



#ایستاد برای طبیعت #anyhopefornature

”Í kjölfar andláts Seyed-Emami í fangaklefa sínum í febrúar á síðasta ári var Madani aftur handtekinn og haldið í 72 klukkustundir

án þess að eiga á hættu að verða handtekið. En svo er ekki lengur segir Madani. Hann segir að liðsmenn byltingarvarðarins verði sífellt taugaveiklaðri og líti á baráttu umhverfissinna í síauknum mæli sem ógnun við þjóðaröryggi.

Madani hefur árum saman gagnrýnt stefnu íranskra stjórnvalda í umhverfismálum. Það átti sinn þátt í að fyrir tveimur árum bauð ríkisstjórnin honum að koma heim til Íran og taka við embætti varaforstjóra umhverfisráðuneytisins. Hann taldi þetta vera einstakt tækifæri og tók boðinu í þeirri von að geta aukið traust á ungum vísindamönnum, sjálfur var hann 36 ára þá, og til að hvetja aðra Írana til að snúa heim og leggja sitt af mörkum fyrir ættjörðina. En hann var varla lentur í Teheran í september 2017 þegar hann var handtekinn og færður til yfirheyrslu sem stóð í þrjá daga. Liðsmenn byltingarvarðarins brutust inn í tölvu hans og síma og tóku afrit af öllum gögnum.

Í kjölfar andláts Seyed-Emami í fangaklefa í febrúar á síðasta ári var Madani aftur handtekinn og haldið í 72 klukkustundir. Hann segist hafa verið kallaður umhverfishryðjuverkamaður og vatnshryðjuverkamaður og sagður njósna fyrir bresku leyniþjónustuna MI6, ísraelsku leyniþjónustuna Mossad og bandarísku leyniþjónustuna CIA. Hann segir að hann hafi meira að segja verið sakaður um að stjórna veðrinu til að láta þurrka herja á Íran. Einnig var hann sakaður um að hafa flutt inn genabreytt efni til að útrýma írönum.

Síðan hófst sannkölluð skít-kastsherferð gegn honum. Myndir voru birtar af honum að dansa á ársþingi bandarískra jarðeðlisfræðinga í Kaliforníu en þetta töldu andstæðingar hans sanna að hann væri ekki hæfur til að gegna jafn mikilvægu opinberu embætti og aðstoðarforstjóraaða í umhverfisráðuneytinu er. Þegar hann var á heimleið úr vinnuferð

í Taílandi í apríl á síðasta ári gafst hann upp. Vinir hans höfðu varð hann við og sagt honum að eitthvað væri í uppsiglingu í Teheran. Hann lét sig því hverfa þegar vélin millilenti í Ístanbul í Tyrklandi.

Samkvæmt ársskýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International voru 63 umhverfisverndarsinnar og vísindamenn handteknir í Íran á síðasta ári.

Mikill vatnsskortur

Loftmengun, minni lífræn fjölbreytni, jarðrof, eyðimerkurmyndun og eyðing skóglendis eru meðal þeirra mörgu, stóru umhverfisvandamála sem Íranar glíma við. Efst á listanum er þurrkur. Um 35 milljónir Írana, eða tæplega helmingur þjóðarinnar, berst við vatnsskort og kröfur almennings um almennilegar vatnsveitur voru háværar í mótmælum sem brutust út um allt land á síðasta ári en það var versta ár sögunnar í Íran hvað varðar þurrka. Áin Zayandeh Rud, sem eitt sinn rann stríðum straumi um miðhluta landsins, er nú nær horfin. Hamoun-vötnin í austurhlutanum, við afgönsku landamærin, eru einnig að þorna upp. Stór vatnssvæði við Isfahan og Khuzestan í mið- og vesturhluta landsins eru horfin og Urmia-vatnið, sem var eitt stærsta saltvatn jarðarinnar, er nú aðeins einn tíundi hluti þess sem það var fyrir hálfri öld.

Efnahagslegar refsiaðgerðir gegn landinu áratugum saman hafa aukið vandann en hnattrænar loftslagsbreytingar eiga einnig hlut að máli. Að sumra mati eru þessi vandamál fyrst og fremst afleiðing skammsýnnar stefnu klerkastjórnarinnar. Lausnirnar hafi verið óraunhæfar og menn hafi haldið að möguleikarnir væru ótakmarkaðir og því hafi verið byggðar stíflur, árfarvegum breytt og ýmislegt annað gert sem hafi haft lítið annað í för með sér en aukna vatnsnotkun og nú sjáist afleiðingarnar af þessu. ■



JS Watch co.
REYKJAVÍK

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra. Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

Sif N.A.R.T. 1948

*Vatnspétt niður
á 1000 metra*

*Handsaumuð leðuról
úr hágæða leðri*

*Dimmblá burstuð skifa
með sjálflysandi stöfum og visum*

*Burstaður kassi
úr 316L læknaðáli*


*Svissneskt sjálvindugangverk
í hæsta gæðaflokki*

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



Tímarvélín



Gamla auglýsingin

Frjáls verslun 1. desember 1971

Brúnn fangavörður

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Árið 1785 var Daninn Sigvardt Bruun sendur til Íslands til að verða fangavörður í tukhúsinu á Arnarhóli, sem í dag er Stjórnarráðið. Fangelsið var reist á árunum 1761 til 1771 og þótti hinn skelfilegasti staður. Fangar vesluðust þar upp úr sulti og af harðræði fangavardanna. Bruun, eða Brúnn fangavörður eins og hann var kallaður, var talinn sá versti. Hann var þó einungis þar í um tvö ár.

Skelfilegur staður

Verður hér stuttlega gerð grein fyrir aðstæðunum almennt. Á þessum árum var föngum þrælað út í vinnu af ýmsum toga. Margir karlfangar voru sendir í ver, í uppskipun, grafmokstur og kúagæslu svo dæmi séu tekin. Fangelsið var með eigin útgerð og bæði formenn og hásetar á bátunum voru fangar. Einnig voru fangar sendir til vikulangra vista í sveitir, bæði karlar og konur. Kvenfangar unnu margar við við spuna í Innréttungunum. Yfirleitt voru um 40 fangar í fangelsinu á hverjum tíma en fangelsið rúmaði 60.

Barsmíðar voru algengar í fangelsinu, stundum svo miklar að þær leiddu til örkuþla eða dauða. Sem dæmi lést maður að nafni Þorsteinn Einarsson árið 1808 eftir slíka meðferð. Voru fangarnir oft bundnir með köðlum eða geymdir í járnum. Til að mynda Bjarni Bjarnason, hinn alræmdi

Fangavörður Mynd frá Frakklandi.



morðingi frá Sjöunda. Algengara var þó að fangar létust úr sulti, sjúkdómum og vesöld. Oft um tíu talsins á einu ári.

Helmingur dó fyrsta árið

Brúnn fangavörður hóf störf í tukhúsinu á einhverjum mesta vesaldartíma í sögu þjóðarinnar, í miðjum Móðuharðindunum. Eftir gosið í Lakagígum árið 1783 og jarðskjálfta árið eftir var mikið mannfali. Búfénaður drapst, bændur brugðu búi og lentu á hrakhólum.

Hungursneyð var í landinu.

Slíkar hörmungar koma ávallt verst niður á þeim sem eru í veikustu stöðunni. Í fangelsinu á Arnarhóli lést um helmingur fanganna árið 1785. Vanræksla og harðræði Brúns fangavardar hefur augljóslega haft þar áhrif.

Brúnn var mjög illa þokkaður af föngunum og ekki ólíklegt að hann hafi verið hreinasti sadisti. Það var lenska að koma illa fram

við fanga, bæði hér á Íslandi og erlendis. Að illska eins fangavardar hafi orðið fræg, umfram aðra, bendir til þess að hann hafi verið óvanalega harðhentur og illgjarn.

Sögur af nauðgunum og morðum

Brúnn var giftur maður en samkvæmt þjóðsögnum var hann kvennamaður mikill. Komst hann yfir margar ungar snótir og skipti þá ekki alltaf máli hvort þær væru viljugar eða ekki. Gekk sú saga að Brúnn hefði barnað stúlku sem vistuð var í fangelsinu. Hann hafi síðan barið hana til bana áður en hún gat eignast barnið.

Önnur saga gekk af tveimur föngum, manni og konu sem felldu hugi til hvort annars innan veggja. Lítil aðgreining var á kynjunum í fangelsinu og barneignir nokkuð algengar innan veggja. Þegar Brúnn komst að ást þessa fólks veitti hann manningnum „slíkan áverka“ að hann gæti ekki hneigst fram til kvenna. Ætla má að Brúnn hafi skorið undan fanganum. Fanginn lést skömmu síðar samkvæmt sögunni. Mögulega hafi Brúnn ætlað konuna fyrir sig sjálfan.

Sagt var að Brúnn hefði á sínum stutta tíma í fangelsinu náð að drepa sextíu fanga. Ekki fylgdi sögunni hvort það væri allt saman með beinum eða óbeinum hætti. Sennilega mun það aldrei koma nákvæmlega í ljós hversu mörg dauðsföll Brúnn hafði á samviskunni. En ljóst er að það frægasta morðið sem hann er kenndur við gat hann ekki hafa framíð.

Sagt var að Brúnn hefði drepð Steinunni á Sjöunda, sem dæmd var fyrir morð ásamt ástmanni sínum, Bjarna Bjarnasyni sem áður var nefndur. Átti Brúnn að hafa barnað hana og svo drepð með eitri út í morgunkaffið. En Steinunn lést árið 1805, löngu eft-

Stjórnarráðið Ótal fangar létust vegna vesaldar og slæmrar meðferðar fangavarda.



ir að Brúnn var fallinn frá. Hafa þessar sögur skolast til í munnmælum milli manna í tímans rás. Sagan af Steinunni og dys hennar, Steinkudys, er enda vel kunn almenningi.

Brúnn deyr

Brúnn fangavörður dó árið 1787, aðeins tveimur árum eftir að hann hóf störf í fangelsinu. Sagan af dauðdaga Brúns hefur jafn mikinn þjóðsagnablæ og sögunnar af störfum hans.

Einn morguninn reis hann úr rekkju og gekk út á túnið við Arnarhól. Þar stóð hestur sem hann kannaðist ekki við, brúnn að lit. Vildi Brúnn reka hann í burtu og gekk því aftan að honum. Þá brá hesturinn upp afturfótunum og sparkaði í brjóstakassann á Brún. Hneig hann niður og lést skömmu síðar en hesturinn tók á rás.

Hesturinn fannst aldrei og kannaðist enginn við að hafa séð hann áður. Töldu sumir að í hrossinu væri óhreinandi andi sem sendur hefði verið til þess að gera út af við Brún fangavörð. Sennilega sem hefnd fyrir þá illsku sem hann hafði gerst sekur um í fangelsinu.

Brúnshús

Eiginkona Brúns hét Christine. Þjó hún í beykihúsi sem Skúli fógeti lét reisa fyrir Innréttungarnar, við Tjarnargötuna (þar sem nú er Tjarnargata 4). Var húsíð ávallt kallað Brúnshús þó að óvíst sé hvort Brúnn sjálfur hafi komið þar inn. Christine keypti Brúnshús eftir fráfall manns síns og bjó þar í nokkur ár. Brúnshús var rifinn í kringum 1830 og var þekktur bær í Reykjavík. Sér í lagi í tengslum við reimleika árið 1823 þar sem Sigurður Breiðfjörð skáld kvað niður draug. Var þá ekki allt sem sýndist. En það er saga sem sögð verður síðar. ■

dropi

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía

„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“

Andri Rúnar Bjarnason
Knattpyrnumaður Helsingborg

Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaolíum úr ferski grænmyntu, engifer og fennil

ÚTSALA!

Allt að

60%

Afsláttur

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Einar Þór Sigurðsson
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Aumingjavæðing tungumálsins

Íslensk tunga er sífellt í þróun líkt og önnur tungumál. Yfirleitt gerist þetta ómeðvitað og sjálfkrafa. Orð komast í tísku og önnur detta úr tísku, rétt eins og fatnaður eða tónlistarstefnur.

Á undanförunum árum hefur það hins vegar færst í aukana að tungumálinu sé breytt með handafli hins opinbera. Oft á þetta rætur í háskólasamfélaginu og hið opinbera tekur meðvirkt við breytingunum. Eitt nýjasta orðið er skólaforðun. Hugtak sem um langan tíma hefur einfaldlega verið kallað skróp. Skróp þykir nú slæmt orð, og því ber að tipla á tánum í kringum hegðunina með því að nefna hana þessu nýja heiti, skólaforðun, sem væntanlega verður orðið skammarheiti eftir tíu til fimmtán ár. Þá geta sérfræðingarnir skapað sér verk efni með því að finna nýtt orð.

Viðkvæmni á Vísi

Mikil viðkvæmni virðist ríkja hjá visir.is þegar kemur að málum hælisleitenda þessa



dagana. Þann 27. apríl birtist þar frétt um uppkomu á fundi Sjálfstæðisflokksins um þriðja orkupakkann þar sem hælisleitandi stóð upp og vildi ræða um stöðu síns hóps. Þann 2. maí birtist síðan frétt um kröfugöngu sem hælisleitendur hugðust fara í frá Keflavík til Reykjavíkur.

Í báðum tilfellum lokaði visir.is fyrir athugasemdir fljótlega eftir að fréttirnar birtust. Vekur þetta nokkra athygli í ljósi þess að slíkt er yfirleitt ekki gert nema um dauðsföll, alvarleg slys, ofbeldi eða annað slíkt sé um að ræða. Fremur er það reglan að taka út einstaka athugasemdir við aðrar fréttir ef þær eru augljóslega ærumeiðandi. Lítur visir.is svo á að málefni hælisleitenda þoli ekki almenna umræðu?

Myndin



Skógarpröstur í baði Fyssa, verk listakonunnar Rúriar í Grasagarðinum, er öllum til yndisauka.

MYND: HANNA/DV

Svik og prettir

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

DV hefur verið að fjalla um nýja stétt fólks, hina svokölluðu áhrifavalda sem nota samfélagsmiðla til að auglýsa sína persónu, og í leiðinni vörur, bæði frá fyrirtækjum sem borga þeim fyrir það og í auknum mæli vörur sem þeir selja sjálfir.

Þann 10. apríl greindi DV frá því að Sólrún Diego, einn vinsælasti áhrifavaldurinn, notaði Instagram-síðu sína til að auglýsa netverslunina akart.is. Sagðist hún hafa fengið mikið af fyrirspurnum frá fylgjendum sínum vegna útprentaðrar myndar af þvottabirni úr barnaherberginu sínu. Síðan var nafnlaus og þegar DV grenslaðist fyrir um þetta kom í ljós að hún var í eigu unnusta Sólrúnar og hún sjálf prókúruhafi í félaginu.

Þar að auki sagðist eigandi þvottabjarnarmyndarinnar ekki hafa gefið leyfi.

Þann 26. apríl greindi DV frá sambærilegu máli og öðrum þekktum áhrifavaldi, Tönju Ýri Ástþórsdóttur. Tanja auglýsti á sinni Instagram-síðu varning frá netversluninni bossbabe.is, sem einnig var nafnlaus. Sagðist hún hafa fengið þaðan vörur í „gjöf.“ Kom á daginn að hún sjálf er eigandi og sömu vörur er hægt að fá fyrir langtum lægra verð hjá Aliexpress og fleirum.

Netverslunin akart.is var tekin niður eftir frétt DV. Tanja Ýr bætti upplýsingum um eignarhald sitt á bossbabe.is inn á sína Instagram-síðu eftir frétt DV. Það er allt saman gott og vel. Það er gott að fólk lagi breytni sína en vitaskuld hefði þetta aldrei verið gert ef málin hefðu ekki verið dregin fram í dagsljósið. Það sem er einnig sorglegt í þessu máli er að hvorki

Áhrifavaldar beita öllum tiltækum ráðum til að komast á skjön við að fylgja lögnum, sem vissulega eru til staðar.

Sólrún né Tanja hafa beðið fylgjendur sína afsökunar, fylgjendurna sem blekkingarnar beindust að, fylgjendurna sem verið var að reyna að græða á. Þvert á móti hafa þær beitt gamalkunnu bragði, að gagnrýna fjölmiðilinn sem kom upp um þær.

Þetta vandamál er ekki bundið við þessar tvær dömur. DV greinir nú frá fleiri málum, fleiri duldu auglýsingum og hvernig fylgjendur eru sífellt blektir. Alltaf er reynt að fela tilganginn fyrir neytandanum. Áhrifavaldar beita öllum tiltækum ráðum til að komast hjá að fylgja lögnum, sem vissulega eru til staðar. Þeir nota skammstafanir sem enginn þekkir, hafa merk-

inguna með hvítu lettri á hvítum fleti til að hún sjáist ekki, og svo framvegis. Þetta er allt saman plat og gabb, svik og prettir, blekking út í gegn.

Maður kemst ekki hjá því að hugsa og spyrja: Af hverju að standa í þessum feluleik? Af hverju ekki að merkja allt vel og vandlega, greina stoltur frá sínu fyrirtæki og segja: „Hér er ég, ég er að selja þessa vöru sem ég held að muni gagnast þér, hér getur þú keypt hana af mér.“ Myndi það letja fólk til að kaupa vöruna? Nei, ég held ekki. En heiðarleiki vandfundinn á meðal þessa samfélagshóps sem kallar sig þessu flotta nafni, áhrifavaldar. ■

Spurning vikunnar

Ertu með fóbíu fyrir einhverju?



„Já, fólk sem heldur ekki fyrir minn þegar það hóstar.“

Elberg Þorvaldsson



„Nei, engu.“

Óttar Eyþórsson



„Já, aðallega fyrir trúðum.“

Álfhildur Reynisdóttir



„Já, fyrir geitungum.“

Linda Mjöll Gunnarsdóttir

Sumarið

3. apríl 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

KLIFURHÚSIÐ:

Innanhússklifur er frábært sport fyrir krakka og unglinga

Yngsti hópurinn er 5 til 6 ára krakkar sem æfa hér einu sinni í viku en svo verðum við með hópa alveg upp í 17 ára í unglingastarfinu," segir Benjamín Mokry, framkvæmdastjóri Klifurhússins. Innanhússklifur er frábær íþrótt fyrir börn og unglinga, bæði skemmtileg og styrkjandi.

Benjamín segir að börn séu mjög fljót að tileinka sé þá tækni sem til þarf í innanhússklifur þó að þau hafi minni líkamsstyrk en fullorðnir. Á heimsvísu eru margir flinkustu iðkendur innanhússklifurs á unglingsaldri.

Í sumar, frá annarri viku júlí og inn í miðjan ágúst, verða í boði vikulöng námskeið fyrir 6 til 12 ára krakka, frá kl. 8.00 til 16.00. Haustið hefst í september og stendur fram í desember. Svo er aftur boðið upp á námskeið fram í maí.

Enginn munur á getu stráka og stelpna

Að sögn Benjamins reynir klifrið bæði á styrk og liðleika. „Það er enginn munur á getu stráka og stelpna. Þótt strákarnir fari langt á kraftinum þá eru stelpurnar oftast með betri tækni. Hugtakið tækniklifur er þekkt enda eru tækni og liðleiki mikilvægir þættir í þessu sporti.“ Klifrið eflir allt í senn, þol, liðleika og styrk, og hentar fólki á öllum aldri. „Til dæmis getur maður aldrei orðið of sterkur í fingrunum en klifrið eflir mjög fingrastyrk. Það er nokkuð sem fólk er almennt ekki að þjálfast með sér. Fyrsta skiptið er í raun alltaf erfðast þó svo að sé óneitanlega alltaf skemmtilegt að prófa klifur. En þegar maður byrjar að mæta reglulega í klifur, kannski 2–3 skipti í viku, er maður fljótur að sjá árangurinn og er ótrúlegt hvað sumir hafa náð langt á stuttum tíma," segir Benjamín.

Frábært fjölskyldusport

Klifur er fyrir fólk á öllum aldri og fjölmargir fullorðnir æfa og skemmta sér reglulega í Klifurhúsinu. „Klifur er líka gott sport fyrir alla fjölskylduna þar sem allir klifra á sínu getustigi. Ég klifra til dæmis oft með sex ára syni mínum þar sem hann fer leið sem hentar honum og ég fer mína leið við hliðina á honum," segir Benjamín.

Nánari upplýsingar er að finna á vefnum klifurhusid.is og á **Facebook-síðu Klifurhússins**. Skráning á námskeið fer fram í gegnum Nora-kerfið, sjá nánar á klifurhusid.felog.is.





Árbæjarsafn

Sumardagskrá 2019

Árbæjarsafn er lifandi og skemmtilegt safn þar sem öll fjölskyldan getur átt góðan dag. Þar verður í sumar boðið upp á fjölda spennandi viðburða fyrir borgarbúa og gesti borgarinnar. Flestir viðburðir verða á sunnudögum en þó eru nokkrar undantekningar á því.

Safnið er opið **13:00-17:00 í maí en 10:00-17:00 í júní – ágúst**. Það er **ókeypis aðgangur fyrir börn, eldri borgara og öryrkja** en aðgangseyrir fyrir fullorðna er 1.700 kr.

Verið velkomin!

JÚNÍ

Sun 2. júní	13:00-16:00	Lífið á eyrinni.
Mið 5. júní	14:00-14:30	Brúðubíllinn. Ókeypis aðgangur.
Sun 9. júní	13:00-16:00	Sunnudagur til sælu.
Fim 13. júní	15:00-17:00	Opnun sögusýningar.
Sun 16. júní	13:00-16:00	Heimilisiðnaðardagurinn.
Mán 17. júní	13:00-16:00	Hæ, hó, jibbí jei! Þjóðhátíðardagskrá.
Mið 19. júní	15:00-17:00	Sýningaropnun á Hjúkrun í 100 ár.
Sun 23. júní	13:00-16:00	Jurtir og jónsmessuseyði.
Sun 23. júní	22:30-00:00	Jónsmessunæturanga með Stefáni Pálssyni sagnfræðingi.
Sun 30. júní	13:00-16:00	Verk að vinna! Börn læra gömul handbrögð.

JÚLÍ

Sun 7. júlí	13:00-16:00	Vagg og velta. Fornbílar og danssýning.
Þri 9. júlí	14:00-14:30	Brúðubíllinn. Ókeypis aðgangur.
Sun 14. júlí	13:00-16:00	Harmónikkuhátíð og heyannir.
Fim 18. júlí	13:00-16:00	Dagur íslenska fjárhundsins.
Sun 21. júlí	13:00-16:00	Hani, krummi, hundur, svín. Húsdýrin á bænum.
Sun 28. júlí	13:00-16:00	Brúðusmiðja með Handabandi. Ullarafgangar öðlast nýtt líf.

ÁGÚST

Sun 4. ágúst	13:00-16:00	Komdu að leika! Útileikir.
Sun 11. ágúst	13:00-16:00	Stórmót Árbæjarsafns og Taflfélags Reykjavíkur.
Fim 15. ágúst	13:00-16:00	Fjölskyldudagur FÍH í tilefni af 100 ára afmæli félagsins. Ókeypis aðgangur, hollar veitingar og allir vekomnir!
Sun 18. ágúst	13:00-16:00	Mjólk í mat, ull í fat.
Sun 25. ágúst	13:00-16:00	Sulta og sykur. Sultugerð, lummur og pönnukökur.



DRENLAGNIR EHF:

Grunnurinn að góðu húsi

Er húsið þitt með drenlagn? Ein helsta orsök raka í veggjum og gólfum kjallara eða jarðhæðar, getur verið biluð drenlagn eða að engin drenlagn sé við húsið. Drenlagn, sem oft er kölluð jarðvatnslagn eða regnvatnslagn, er ætlað það hlutverk að beina vatni frá útveggjum húsin.

Flest, ef ekki öll hús eiga að vera með dren- og eða regnvatnslagnir. Í mörgum tilvikum þegar um er að ræða gömul hús, sérstaklega hús sem byggð eru um og fyrir 1960, má gera ráð fyrir að það séu steinlagnir í kringum húsin og engar drenlagnir og þá þarf að leggja nýjar eða að minnsta kosti endurnýja lagnirnar.

Reynsluboltar í faginu


Rúmlega 70% af því verkferli sem tengist lagningu drenlagna er jarðvinna sem er á hendi fæstra að vinna rétt og vandlega. Einnig skiptir frágangur á sökkulveggjum

gríðarlegu máli og ber sérstaklega að vanda til verka í því ferli.

Drenlagir ehf. er ungt fyrirtæki, eingöngu um þrjú ára gamalt, sem sérhæfir sig í nýlagningu drenlagna og fóðrun/endurnýjun skóplagna. Þrátt fyrir ungan aldur fyrirtækisins búa starfsmenn yfir margra ára starfsreynslu í faginu. „Við þjónustum hvort heldur sem er einstaklinga, húsfélög, fyrirtæki eða stofnanir. Einnig leggjum við megináherslu á áreiðanlega og persónulega þjónustu, þar sem fagleg og vönduð vinnubrögð eru í fyrirrúmi,“ segir Arnór Hauksson, framkvæmdastjóri Drenlagna ehf.

Pantaðu ástandsskoðun og röramyndun fyrir skóplagnirnar í dag á drenlagir.is

Drenlagir ehf
Netfang: ihagar@ihagar.is
Sími: 552-6005
Facebook: Drenlagir ehf.
Heimasíða: www.drenlagir.is





Fyrir sjálfstæða og stílmeðvitaða einstaklinga sem elska falleg reiðhjól

REIÐHJÓLAVERZLUNIN BERLIN:

Reiðhjólaverzlunin Berlin hefur skapaði sér nafn sem reiðhjólaverslun með meiru. Berlin sérhæfir sig í klassískum hjólum, vönduðum fylgihlutum og er með ýmsar aðrar fallegar vörur sem henta til daglegra nota. Einnig er verkstæði á staðnum og er tekið á móti öllum gerðum reiðhjóla til viðgerða, viðhalds, umfelgunar og samsetningar á hjólum

„Við erum mikið í þessum klassísku vintage-hjólum, sem eru falleg útlits og höfða til fólks sem vill ekki hjóla í sérstökum hjóla fötum heldur bara í venjulegum hversdagsklæðnaði,“ segir Jón Óli Ólafsson, eigandi fyrirtækisins og eini starfsmaðurinn. Meðal vinsælustu reiðhjóla hjá Berlin eru REID Ladies Classics og svo hjól undir merkinu Berlin.

„Við viljum bjóða upp á einföld, einstök og skemmtileg hjól fyrir sjálfstæða og stílmeðvitaða einstaklinga,“ segir Jón Óli.

Berlin býður einnig reiðhjól frá Pure Cycles, Achille og Pashley. Nýjasta hjólamerkið er ítalska merkið Cinelli. Cinelli býður upp á alls konar útgáfur af samsetningum við stellið.

Reiðhjólaverzlunin Berlin skipuleggur og heldur utan um Tweed Ride. „Hér kemur fólk saman og hjólar í klassískum fötum og dragtir í anda breskra hefðarmanna og -kvenna. Hjólað er um á klassískum og virðulegum borgarhjólum,“ segir Jón Óli um þennan skemmtilega viðburð.

Gömul reiðhjól fá nýtt líf

Óhætt er að segja að Jón Óli veiti góða og persónulega þjónustu en hann hefur meðal annars hjólpað

viðskiptavinum að láta gömul reiðhjól öðlast nýtt líf. „Við höfum bjargað hérna hjólum frá allt aftur til 1950, og svo hjólum frá sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum. Ef fólk kaupir aukahlutina hér set ég hjólin saman viðkomandi að kostnaðarlausu, en svo eru aðrir sem kjósa að gera þetta sjálfir en fá efni og þá aðstoð og ráð sem þeir vilja hjá mér,“ segir Jón Óli.

Opið lengur með hækkandi sól

Reiðhjólaverzlunin Berlin er til húsa að Ármúla 4. Núna 2. maí lengdist afgreiðslutíminn og er opið þriðjuga-föstudaga frá 11 til 19 og laugardaga frá 11 til 17. Lokað er sunnudaga og mánudaga.

Að sögn Jóns Óla fer áhuginn og aðsóknin að aukast upp úr miðjum mars en það fer þó eftir veðri. „Maður finnur fyrst fyrir auknum áhuga á vefsíðunni en fólk byrjar að skoða þar áður en það kemur á staðinn,“ segir Jón Óli en ágæt vefsíða verslunarinnar er á slóðinni reiðhjólaverzlunin.is.

„Það er mjög mikið að gera inn í júní, en síðan kemur dálítil sumarleyfalægð í júlí. Í ágúst, september og október er síðan mikil traffík,“ segir hann, en Jón Óli finnur vel fyrir vaxandi áhuga á hjóleiðum allt árið. „Það er hægt að setja negld dekk undir flest hjól sem hér eru til sölu og það er algengt að fólk fari að spyrjast fyrir um slíkt með haustinu. Ég finn líka þá breytingu seinni árin að viðskiptavinir nefna þennan möguleika við mig að fyrra bragði.“



Hjörtur Magni og Friðbjörg
„Heilunarmessa“ í Frikirkjunni.

Nýjungar og nudd í Kærleikssetrinu: „Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi“

Kærleikurinn ræður ríkjum að þverholti 5 í Mosfellsbæ, en þar er Kærleikssetrið til húsa. Starfseminna stofnaði Friðbjörg Óskarsdóttir árið 2005 og býður hún þar upp á fjöldann allan af meðferðum, námskeiðum, hugleiðslustundum og hópvinnu til þess að heila líkama og sál.

„Í setrinu er fjallað um allt sem lýtur að þroska manneskjunnar, jafnt andlegum, sálrænum og líkamlegum þroska, því það er ekki til sú manneskja sem er bara líkamleg,“ segir Friðbjörg, sem er stundum kölluð amman í andlega geiranum. Þá bætir hún við að það sé hennar ástríða að koma því til skila sem hún hefur öðlast.

„Mér finnst fólk vera endalaust að kvarta yfir því að það sé orkulaust. En það er ekki eitthvað sem ég finn fyrir. Við búum yfir þeim eiginleika að líkaminn getur búið til endorfín og það er ekkert annað en verkjalyf,“ segir Friðbjörg. „Min trú er sú að hver og ein manneskja búi yfir öllum svörum sem nauðsynleg eru í lífinu. Það eina sem ég get gert er að leiðbeina öðrum. Ég kenni fólk að hlusta á innsæið. Það er svo mikilvægt að gera það. Ég lít aldrei á neitt sem erfiðleika, bara áskoranir og verkefni. Við búum yfir svo mörgu og kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.“

Vinsælir gufuklefar

Spurð um komandi nýjungar í Kærleikssetrinu segir Friðbjörg að nú séu komnir fastir nuddtímar



Salurinn í Kærleikssetrinu.

ásamt innrauðum gufuklefa. Læknisfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að innrauð geislun er sérstaklega góð fyrir bæði vefi og líffæri. Þessir klefar eru mjög vinsælir því þeir gera mikið fyrir bæði heilsu og líkamann. Boðið verður upp á staka tíma og tíu tíma kort. Einnig tíma í nuddi og sána.

„Þetta er alveg meiriháttar fyrir líkamann,“ segir Friðbjörg. „Það er heilmikið sem

þetta gerir og styrkir meðal annars hjarta og æðakerfi auk þess að auka blóðflæði.“

Innrauð orka, ólíkt öðrum orkuformum, notar ekki loftið til að flytja hitann. Mikill kostur innrauða hitans er að hann fer dýpra inn í húð og líkama heldur en hiti frá hefðbundnu gufubaði og það við tiltölulega lágt

hitastig sem reynir þar af leiðandi minna á líkamann.

Nánari upplýsingar má nálgast með Kærleikssetrið er að Þverholti 5, Mosfellsbæ.

Sími 567-5088 og 862-0884
netfang: kaerleikssetur@kaerleikssetur.is
Heimasíða: kaerleikssetrid.is og
Facebook: [Kaerleikssetrid](https://www.facebook.com/Kaerleikssetrid).
Mosfellsbae.



Mynd af Boston Antik hleðslusteini.



Mynd af Train steinn á sýningarsvæðinu okkar á Malarhöfða.



Train steinn á sýningarsvæðinu okkar.



Train steinn úr nýrri vörulínu hleðslusteina hjá okkur.

Verkefnið steinliggur með Steypustöðinni

Framleiðsla Steypustöðvarinnar er að stærstum hluta steypa í húsbýggingar, hvort sem um er að ræða innveggi, sökkla, plötur eða útveggi o.fl. „Við erum með einingaverksmiðju í Borgarnesi þar sem framleiddar eru húseiningar, holplötur, steinrör og fleira.“ Að auki býr Steypustöðin yfir flotdeild og er með sérhannaða flotbíl. „Þessir bílar eru algjör bylting í þeim geira,“ segir Viðar Hreinn Olgeirsson sölustjóri – Hellur og múr.

Þú þarft ekki að leita langt yfir skammt

Þegar kemur að framkvæmdum getur verið töluvert mál að finna rétta aðila til þess að vinna verkin vel og vandlega. Oft þarf að fara á marga staði til að finna rétta efnið og hafa samband við marga til þess að framleiða mismunandi hluta fyrir verkefnið. Steypustöðin hefur ávallt haft það að leiðarljósi að vera lausnamiðað fyrirtæki. „Hjá okkur hefur viðskiptavinurinn gott úrval þegar kemur að því að velja allt frá hleðsluveggjum, hellum og hleðslusteinum, allt niður í skrautmöl í garðinn. Einnig sérsmíðum við fyrir ýmis verkefni ef þess þarf. Við viljum gera allt eins auðvelt og hægt er fyrir viðskiptavinum okkar og að þeir þurfi ekki að flakka á milli fyrirtækja. Auðvitað geta komið upp tilfelli þar sem nauðsynlegt er að tala við fleiri en einn aðila, en alla jafna reynum við að leysa verkefnið sjálfir, snögg og örugglega.“

Sérsmíði

„Sérsmíðin fer aðallega fram í einingaverksmiðjunni í Borgarnesi, en þá bjóðum við upp á alls konar útfærslu á t.a.m. stigum, svölum og mörgu fleiru sem tengt er ákveðnum verkefnum.“

Stolt af verkefnum sínum

„Við í Steypustöðinni erum sérlega stolt af verkefni Allrahanda við Hótel Hamar í Borgarnesi í fyrra. Þar notuðust þeir við hleðslusteina úr nýrri vörulínu hjá okkur. Hleðslusteininn sem notast var við kallast Megaloc og kemur afskaplega vel út og má sjá mynd af því á heimasíðunni okkar steypustodin.is. Einnig erum við mjög stolt af verkefni sem var gert við Bláa lónið og vann til Steinsteypuverðlaunanna 2019 og JÁ verk var framkvæmdaraðili við.“

Glæný vörulína í sumar

„Í sumar bjóðum við upp á glænýja vörulínu í hleðslusteinum. Þá erum við með fallegar og einfaldar lausnir við hellur og hleðslu í t.d. gördum eða við hæðarmismun í plönunum. Hægt er að skoða ítarlegan bækling um vörulínuna á vefsíðunni okkar. Einnig er tilvalið koma við á Malarhöfðanum eða Hringhellu til þess að skoða úrvalið og ræða við sölumenn okkar og fá upplýsingar um hinar fjölmörgu lausnir sem Steypustöðin hefur upp á að bjóða. En við erum einmitt að endurnýja sýningarvæðið okkar á Malarhöfðanum þar sem hleðslusteinar úr nýju vörulínunni okkar verða aðal númerið,“ segir Viðar.

Starfsstöðvar Steinsteypunnar eru fjölmargar:

- Malarhöfða 10, 110 Reykjavík
- Hringhellu 2, 221 Hafnarfirði
- Helguvíkurvegi 3, 250 Garði
- Engjaási 2, 310 Borgarnesi
- Hrismýri 8, 800 Selfossi og
- Smiðjuvegi, 870 Vík.

Hafðu samband í síma 440-0400 eða í netpósti: steypustodin@steypustodin.is Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni steypustodin.is Facebook: Steypustöðin Instagram: Steypustodin



Megaloc steinn úr hleðslunni við Hótel Hamar í Borgarnesi.




Boston Antik steinn af sýningarvæðinu okkar á Malarhöfða. Úr nýrri vörulínu hleðslusteina hjá okkur.



Megasmart steinn úr nýrri vörulínu hleðslusteina hjá okkur.




Viðar Hreinn Olgeirsson, við nýja sýningarvæðið á Malarhöfða.



Megasmart steinn.



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



TRAMPÓLÍN.IS:

Vertu bókstaflega í skýjunum í sumar

Petta er sjötta sumarið í röð sem við förum af stað með trampólinsöluna en þetta hefur gengið vonum framár og við höfum selt hátt í tvö þúsund Bebon Sport-trampólín síðan við byrjuðum á þessu. Fólk hefur bókstaflega verið í skýjunum yfir trampólínunum okkar," segir Jóhannes Arnar, eigandi Trampólín.is

Trampólín hafa verið sérlega vinsæl undanfarið og það er alls ekki að ástæðulausu. Trampólín eru stórskemmtileg útileikföng til að hafa ofan af fyrir börnum og barnalegum

foreldrum þeirra klukkustundum saman. Þetta er líka holl og góð hreyfing og ekki skemmir fyrir hvað það er gaman að finna vindinn í hárinu, hátt uppi í lausu lofti með fiðring í maganum.

Selja í trampólín allt árið

„Við erum með vefverslun sem er opin allt árið þar sem við seljum trampólín frá Bebon Sport, af öllum stærðum og gerðum. Bebon Sport framleiðir endingargóð og sterkbyggð trampólín auk varahluta og aukahluta. Við erum með gott úrval af varahlut-

um og aukahlutum fyrir trampólín, hvort heldur er fyrir þá gerð sem við seljum eða sem passa í aðrar gerðir trampólína. Við eigum öryggisnet, tröppur, vindfestingar, hlífðardúka yfir gormana og margt fleira. Annars er búðin okkar í Mörkinni 1 opin frá byrjun maí og fram í júní/júlí, eftir því hversu mikið við eigum af trampólínunum á lager.“

Tryggð við sama framleiðandann ár eftir ár

„Það sem sker okkur frá samkeppnisadílum er helst það að við höfum verið tryggir sömu trampólínframleiðendum ár eftir ár, í stað þess að vera að eltast við lægsta verðið hverju sinni. Þetta þýðir að það er hægt að bóka að við eigum aukahluti og varahluti sem passa í trampólínin frá okkur.“

Gefa góð ráð

„Við sérhæfum okkur í trampólínunum og getum gefið góð ráð varðandi uppsetningu á þeim. Einnig bjóðum við upp á þá þjónustu að keyra trampólínin til viðskiptavina okkar innan höfuðborgarsvæðisins án endurgjalds og svo tökum við að okkur uppsetningu trampólína ef þess er óskað. Við póstsendum svo trampólín gegn vægu gjaldi til þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins.“

Að mörgu þarf að huga við uppsetningu á trampólíni:

- Fyrsta regla er alltaf að fara eftir leiðbeiningum við uppsetningu og virða hámarksþyngd sem gefin er upp fyrir hvert trampólín fyrir sig.

- Öryggisnet eru ýmist fyrir innan eða utan súlurnar. Fyrir yngri krakka þá er það yfirleitt sett fyrir innan en fyrir eldri börn er það oftast fyrir utan súlurnar.

- Plássíð í garðinum segir til um hversu stórt trampólínið má vera.

- Passa að hafa trampólínið á mjúku undirlendi. Grasi eða öðru.

- Ávallt skal hugsa vel um trampólínið og skipta út ónýtum hlutum fyrir nýja varahluti.

Það geta allir, ungir sem aldnir, fundið sér trampólín við hæfi hjá Trampólín.is. „Við liggjum ekki á stórum lager og því er um að gera að kíkja á úrvalið hjá okkur. Einnig er veðrið farið vera til friðs þannig að það er um að gera að huga að uppsetningu til að nýta sumarið sem best úti á trampólíninu,“ segir Jóhannes.


Verzlunin er í Mörkinni 1 (Kjallara. Inngangur baka til)

Vefverslun: trampolin.is

Facebook: [Trampolin.is](https://www.facebook.com/Trampolin.is)



Stærsta lausnin.



HVAMMSHÓLAR EHF:

Allt að 99% hreinsun á skólpi

Fjölskyldufyrirtækið Hvammshólar ehf. sérhæfir sig í hreinsun á skólpi og býður upp á fjölbreyttar lausnir á því sviði fyrir ólíka viðskiptavinum. Eigandi Hvammshólar ehf. er Sigurður Viggó Halldórsson pípuþvingameistari en hann hefur sérhæft sig í uppsetningu skólphreinsistöðva og ólíkum aðferðum við hreinsun á skólpi síðastliðin 15 ár. Ásamt því að selja hreinsistöðvar, bjóða Hvammshólar einnig upp á viðhald, mælingar og eftirlit með gæðum hreinsunar. Hreinsistöðvar fyrirtækisins skila allt að 99% hreinsun þar sem tekið er á hreinsun á köfnunarefnum, fosfór og kóligerlum.

Leiðandi á sviði skólptanka

Árið 2013 hófst náð samstarf á þessu sviði með þýska fyrirtækinu Graf sem er leiðandi á þessu sviði og hefur framleitt skólptanka í yfir 50 ár. Þýska fyrirtækið styrkti sig enn frekar á þessu sviði árið 2014 með kaupum á fyrirtækinu Klaro sem framleiðir hreinsibúnað í tankana og því er um heildstæðar lausnir í hreinsun skólps að ræða.

Þrjár lausnir

Hvammshólar bjóða upp á þrjár mismunandi lausnir til skólphreinsunar eftir stærð og umfangi þeirra frárennsliskerfa sem um er að ræða. Fyrirtækið hefur selt lausnir sínar fyrir t.d. hótél, íbúðarbyggðir, sumarhús og heilsárshús og eru notendur Hvammshóla í Mývatnssveit, á Þingvöllum, í Eyjafirði, á Hornafirði og Öndverðarnesi, svo nokkrir staðir séu nefndir sem dæmi.

Allt að 99% hreinsun

Ódýrasta og einfaldasta lausnin er Graf ANAEROBIX rotþró með síu fyrir 1–600 íbúa. Hún hentar notendum sem vilja ódýra lausn en mikla hreinsun. Um er að ræða hreinsivirki sem hægt er að bæta við og stækka ef á þarf að halda vegna fjölgunar íbúa/notenda. Minnstu einingarnar eru 1 tankur en þegar um fleiri notendur er að ræða eru tankarnir



raðtengdir sem seyrotankar, svifagnatankar og síutankar. Sían er staðsett við útrennslið. Hún er samsett af mörgum plastkubbum með stórum fleti sem grípa svifagnir sem eru á leiðinni út. Þessi aðferð skilar yfir 90% hreinsun. Hægt er að auka hreinsigetu ANAEROBIX með eftirhreinsun í siturgöngum t.d. úr rauðamöl eða vikri.

Í næsta flokki er Graf One2clean hreinsistöð fyrir 5–50 íbúa og hreinsar hún með lífrænum hætti allt að 99%. Um er að ræða eitt tankhólf þar sem hreinsun fer fram tvisvar á sólarhring og hentar lausnin vel á þeim svæðum þar sem gerð er rík krafa um mikla hreinsun. Hægt er að bæta við búnaði sem viðheldur réttu

rotunarhitastigi í tanki allan ársins hring, þ.e. 10–12°C.

Stærsta lausnin fyrir allt að 750 íbúa

Fullkonnasta hreinsilausnin er Graf Klaro XXL skólphreinsikerfi fyrir 50–750 íbúa. Þetta er góður kostur þar sem vatnsstaða er mjög há, t.d. á viðkvæmum vatnsverndarsvæðum þar sem talin er þörf á meiri umhverfisvernd vegna viðkvæmrar náttúru eða dýralífs. Graf Klaro XXL skilar allt að 99% hreinsun og fer hreinsunin fram með lífrænum hætti.

Í aðalatriðum vinnur stöðin í tveim hólfum og skrefum. Fyrst er geymsla á óhreinsuðu skólpi í seyruhólfi. Þar á eftir er hreinsun á skólpi í lokuðu

hreinsihólfi. Hreinsun fer fram fjórum sinnum á sólarhring. Ýmis auka-búnaður fæst frá Graf sem hægt er að „þrjóna“ við lausnina. Má þar telja búnað til lækkunar köfnunarefnis, til aukinnar fosfórhreinsunar og/eða til að fækka gerlum í hreinsuðu frárennslisviði útdælingu með UV geislu. Einnig fæst fjarstýrður eftirlitsbúnaður sem gefur upplýsingar um bilanir og stöðu, auk þess sem hægt er að bilanagreina og gera við með fjarlægum hætti.

Nánari upplýsingar fást á Facebook-síðunni: Hvammshólar
Netpóstur: siggi@hvammsholar.is
Sími: 660-4085



HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA

SITURTANKUR Í STAD SITURLAGNA

SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:

HÓTEL

HEILSÁRSHÚS

SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ



SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

ERT ÞÚ TILBÚINN Í SUMARIÐ?

Þú færð moltutunnuna og plokkprikið í netverslun okkar á www.igf.is



• Moltutunnan fyrir heimajarðgerð

• Plokkprik í plokkið og margt fleira



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Málun á bílastæðum, malbiksviðgerðir, vélsópun og rafhleðslustöðvar

Við höfum verið að í riflega 30 ár og erum með afar stóran og góðan kunnahóp sem hefur verið hjá okkur í mörg ár," segir Þorvarður Kristjánsson, framkvæmdastjóri hjá GSG sem sinnir meðal annars bílastæðamálun, vélsópun, malbiksviðgerðum og lóðaþjónustu.

GSG er treyst fyrir mikilvægum verkefnum fyrir Vegagerðina, Reykjavíkurborg og ýmis stórfyrirtæki en GSG þjónar ekki síður smærri aðilum, til dæmis húsfélögum. GSG býr yfir fullkomnum tækjakosti sem auk þekkingar og reynslu starfsmanna stuðlar til dæmis að góðu viðhaldi á bílplönun og lóðum í kringum fjölbýlishús.

Engin samskeyti eftir malbiks- viðgerðir

Í malbiksviðgerðum býður GSG upp á samskeytalausar viðgerðir á holum og sprungum sem myndast í malbiki. Til þessara verkefna er notast við gashlemm sem gerir starfsmönnum kleift að hita upp malbik í kringum skemmdir. Með þessu mætir heitt malbik heitu malbiki og þannig næst að hindra að samskeyti verði sjáanleg.

Vélsópun og þvottur bílastæða

GSG býður upp á vélsópun á bílplönun og gangstígum. Einnig er boðið upp á að þvo plön með vatni en það er oft nauðsynlegt, sérstaklega þegar plön hafa verið sandborin yfir veturinn. Nokkrar gerðir af sópum

eru til staðar og notast er við þá sem henta best hverju verkefni.

Bílastæðamálun

GSG býður fyrirtækjum, bæjarfélögum, húsfélögum og öðrum upp á málun bílastæða og aðrar yfirborðsmerkingar, t.d. örvar, gangbrautir, blá stæði fyrir fatlaða, biðskylduþríhyrninga, gula kanta, gula krossa, miðlínur gatna, hraðatakmarkanir og fleira. Eingöngu er notast við fullkomnasta tækjakost sem völ er á hverju sinni og sérstaka gatnamálingu sem samþykkt er af Vegagerðinni.

Rafhleðslustöðvar til að mæta rafbílavæðingunni

Uppsetning rafhleðslustöðva er nýjasti þátturinn í starfsemi GSG. „Þetta er vinsæl þjónusta sem við bjóðum mikið upp á þessa dagana. Eftirspurnin fer sívaxandi enda líður vart sá dagur að ekki bætist við rafbílseigandi á landinu," segir Þorvarður, en fyrirtækið setur meðal annars upp rafhleðslustöðvar við fjölbýlishús og fyrirtæki. GSG útvegar hleðslustöð sem hentar hverju sinni, grefur fyrir undirstöðum og lögnum, gengur frá á eftir og malar græn stæði þar sem við á.

Nánari upplýsingar um þjónustu GSG er að finna á vefsíðunni gsg.is. Einnig er gott að hafa samband í síma 588-4800 eða í gegnum netfangið thorvardur@gsg.is.



Nám í vefpróun er
eina námið hér á
landi sem sameinar
kennslu í vefhönnun,
viðmóti og vefforitun.

Vefskólinn
Tækniskólinn



Góð tengsl
við atvinnulífið

Forritun

Vefhönnun

2 ára nám

tskoli.is

Javascript

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins





Gæðastund við Þjóðveginn

DALAKOFINN Á LAUGUM

Dalakofinn er veitingastaður og verslun við Þjóðveg 1 í þéttbýliskjarnanum á Laugum í Þingeyjarsveit. Í Dalakofanum er opið allan ársins hring, nokkuð sem ferðalangar, íslenskir sem erlendir, kunna mjög vel að meta. Í Dalakofanum er lögð áhersla á góðan mat á sanngjörnu verði og góða þjónustu.

Áð sögn Haraldar Bóassonar veitingamanns er Dalakofinn vinsæll allt árið um kring en þreföldun verður á gestafjölda á sumrin: „Erlendir ferðamenn eru í miklum meirihluta yfir sumartímann, 70–80 prósent, en á veturna rétt innan við helmingur. Fólk kann vel að meta að við höfum opið hér til 20 á kvöldin á veturna og til 22 á sumrin,” segir Haraldur en Dalakofinn er óneitanlega góður áningarstaður á ferð um landið.

„Þetta er góður staður til að stoppa og njóta veitinga. Það er þægileg aðkoma hér og við erum á milli Mývatnssveitar og Akureyrar. Sundlaugin á Laugum og íþróttavöllurinn eru mjög flott og þar eru falleg svæði sem gaman er að ganga

um og njóta náttúrunnar.“ Dalakofinn rekur tjaldstæði við Laugavöll á sumrin.

Heimagerðir hamborgarar beint frá býli

Framúrskarandi hamborgarar eru eitt af sérkennum Dalakofans, gerðir úr úrvalskjöti. Hamborgararnir koma beint frá býli, frá Vallakoti í Reykjadal.

Heimagerðar pítsur skipa veglegan sess á matseðli Dalakofans. „Pítsurnar eru heimagerðar, um helmingur af matarsöluinni. Við gerum þetta allt frá grunni og fáum mikið hól fyrir það en við gerum okkar pítsusösu sjálf. Á meðal annarra góðra rétta sem í boði eru allt árið eru hamborgarar beint frá býli, íslensk kjötsúpa og gratínaradur plockfiskur. Bæði útlendingar og Íslendingar eru afskaplega hrifnir af því að komast í kjötsúpuna enda er hún kraftmikið veganesti. Hráefnið í fiskrétti og kjötrétti er að mestu leyti úr héraði,” segir Haraldur.

Ágæt verslun með miklu vöruúrvali er hluti af Dalakofanum sem margir nýta sér: „Fólk kann vel að meta verslunina hjá okkur og ferðalangar



eru þakklátir fyrir að geta leitað þangað því oft gleymist að kaupa eitthvað áður en haldið er í ferðalag.“

Dalakofinn er klárlega staður til að eiga notalega stund á í ferðalögum um landið. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni dalakofinn.is.

ERU HELLURNAR ÓHREIN GRÓÐRASTÍA?

Við hreinsum, söndum og húðum
svo þær verða eins og nýjar



helluhreinsun@helluhreinsun.is

Geymdu auglýsinguna

HELLUHREINSUN.IS - S: 775 6080

LED húsnúmer: Geta bjargað lífum!

Hefur þú einhverntíma keyrt tvisvar sinnum framhjá húsi sem þú varst að leita að af því að það var svo illa merkt, jafnvel alveg ómerkt? Það er enginn vafi á að hús eru mun verr merkt í dag en þau voru hér áður fyrr.

Hagur allra að húsið sé vel merkt Það er líkt og einhver tíska hafi komist í landann að eyða ekki tíma eða fjármunum í merkingar, tíska sem hefur ekki náð að vinna nægilega vel gegn. Því það geta flestir verið sammála um að vel merkt hús eru grundvöllur þess að það sé auðvelt að rata. Ekki síst þegar kemur að því að panta leigubíl eða biðja um sjúkrabíl. Það segir sig sjálfst að það er í hag sérhvers manns að húsið hans sé vel merkt.

Sérsmíðuð LED-húsnúmer LED-húsnúmer er fyrirtaks lausn á þessu vandamáli. „Skiltin eru upplýst þannig að húsnúmerið sést úr töluvert meiri fjarlægð en á hefðbundnum skiltum. Svo skemmir alls ekki fyrir hvað skiltin eru flott. Ég sérsmíða LED-ljósaskilti út frá óskum viðskiptavinarins. Ég geri bæði lítil skilti og stór skilti sem henta t.d. íbúðarhúsum og blokkum. Einnig er hægt að hafa nafnið á götunni með og húsnúmerið í tölum eða stafsett.“ segir Böðvar Sigurðsson.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni LED Húsnúmer

Sími: 775-6080

Netpóstur:
ledhusnumer1@gmail.com

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum
• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni

• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfriú stáli

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Dísellyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

HARÐRÆÐI LÖGREGLU

Mar og beinbrot eftir handtökur ■ Báðu sér vægðar

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Embætti héraðssaksóknara rannsakar um þessar mundir mál 25 ára konu sem lést fyrr í mánuðinum eftir afskipti lögreglu. Foreldrar stúlkunnar hafa gagnrýnt vinnubrögð lögreglumanna vegna atviksins og telja að röngum aðferðum hafi verið beitt.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem einstaklingur deyr hér á landi eftir afskipti lögreglu. Í september 2004 lést 33 ára karlmaður, Bjarki Hafþór Vilhjálmsson, eftir að hafa lent í átökum við lögregluna í Keflavík. Bjarki Hafþór fékk hjartaáfall í átökunum við lögreglumennina og lést á staðnum en atburðurinn átti sér stað við heimili hans að Ís-hússtíg.

Í kjölfarið fól Ríkissaksóknari lögreglunni í Reykjavík að rannsaka málsatvik en niðurstaðan var sú að andlát Bjarka hefði ekki orðið vegna vinnubragða lögreglu. Krufning átti eftir að leiða í ljós að dánarorsök Bjarka var hjartastopp.

Anna Hafbergsdóttir, móðir Bjarka, gagnrýndi lögregluna hins vegar harðlega og sagði í samtali við DV skömmu eftir atburðinn að lögreglan hefði drepið son hennar. Tveimur árum síðar ræddi hún aftur við DV og var ennþá á sömu skoðun.

„Það versta er að þetta mál var aldrei til lykta leitt. Það var aldrei rannsakað heldur var kærurni vísað frá. Ég las skýrslurnar í málinu og það liggur í augum uppi að Bjarki fékk hjartaáfall og lést vegna meðferðarinnar. Hann var hraustur drengur sem hafði verið í íþróttum og það er alveg á hreinu

„Þeir járna mig strax og þrýsta henni niður í gólfíð“

að ungir menn fá ekki hjartaáfall upp úr þurru.“

Annað mál kom upp í lok árs 2007 en þá lést Jón Helgason, 31 árs gamall, tveggja barna faðir úr Vogunum, á gjörgæsludeild Landspítalans. Jóni hafði verið haldið sofandi í öndunarvél í tæpa viku eftir að hann lenti í átökum við sveit lögreglumanna á hóteli í Reykjavík.

Opinber dánarorsök Jóns var svokallað æsingsoráðsheilkenni, en um er að ræða sjúkdómsástand sem kemur fram þegar einstaklingur er að veita mikið viðnám eða mótspyrnu. Mikil óvissa ríkti hins vegar um andlát hans og spruttu upp getgátur um að Jón hefði látist vegna súrefnisshorts sem stafaði af harkalegu kverktaki lögreglumannanna sem tókust á við hann. Fjölskylda Jóns steig nokkrum mánuðum seinna fram í sjónvarpsþættinum Kompási þar sem leitað var nánari svara.

Vitni sem DV ræddi við á sínum tíma töldu ljóst að lögreglumennirnir hefðu beitt svokölluðu svæfingartaki sem hefði riðið Jóni að fullu. Þess vegna hefði Jón legið látinn í lögreglubíl í tíu mínútur án þess að lögreglumennirnir yrðu þess varir. Í samtali við DV sagði Geir Jón Þórisson aðstoðaryfir-

lögregluþjónn að slíku taki hefði ekki verið beitt. „Það tíðkaðist hér áður fyrr að lögreglumenn notuðu kverkatark, en það er löngu liðin tíð. Það er bannað að nota slík tök í dag.“

Réðust inn á hjón í brúðkaupsferð

DV heldur áfram að rifja upp mál sem upphafa komið hér á landi undanfarna áratugi þar sem lögregluembættið er sakað um harðræði og ofbeldi.

Í júlí 2013 réðst víkingasveitin inn í sumarhúsi í Vaðnesi, skammt frá Selfossi, þar sem nýgiftu hjónin Ívar Aron Hill Ávarsson og Silja Sigurðardóttir voru stödd í brúðkaupsferð ásamt svaramanni Ívars, Hersi Má Jónssyni.

Hjónin lögðu í kjölfarið fram kæru á hendur lögreglunni og kröfðust bóta fyrir ólögmeata og grófa aðför að friðhelgi einkalífs þeirra. Sögðu þau víkingasveitin hafi ráðist á þau, án viðvörunar, snúið þau niður og frelsissvipt í dágöðan tíma á meðan lögreglan leitaði í bústaðnum án heimildar en aðfarirnar náðust á myndband.

Ástæðan fyrir innrás víkingasveitarinnar var leit lögreglunnar að sibrotamanninum Stefáni Loga Sívarssyni sem talinn var dvelja í



bústað hjónanna. Í samtali við DV á sínum tíma sögðust hjónin lítil sem engin tengsl hafa við Stefán. Fram kom að Ívar hefði verið góðkunningi lögreglunnar fimmtán ára aldri og hlotið fjölmarga refsisdóma fyrir margs konar lögbrot, en væri hins vegar búinn að vera edrú í marga mánuði og kominn á beinu brautina.

Ívar sagðist hafa verið úti á palli þegar hann sá þyrilu Landhelgisgæslunnar sveima yfir bústaðnum. Kallaði hann á konu sína og svaramanninn sem komu út á pall. Í samtali við DV sagði Ívar víkingasveitarmennina hafa komið þeim algerlega að óvörum, á meðan þau voru að skoða þyriluna, og hafa ráðist að þeim án aðvörunar.

„Allt í einu heyrast bara öskur og þeir stökkva út úr trjúnum með kylfurnar á lofti, og með byssur á sér. Svo rjúka þeir að okkur og ég er keyrður niður. Lögreglumennirnir fóru svo inn í húsið, að sögn án þess að sýna þeim leitarkerð og án þess að greina frá ástæðum hinnar ofsafengnu innkomu. „Þeir járna mig strax og þrýsta henni niður í gólfíð.“

Þegar hjónin sáu víkingasveitina hörfuðu þau inn í húsið, þar sem þau voru snúin niður. „Hann var tæklaður í stofunni og ég í eldhúsinu,“ sagði Silja.

Fram kom að þegar Silja lá á eldhúsgólfinu með víkingasveitarmann á bakinu, hefði hún snúið andliti sínu í átt að honum og spurt hvað væri í gangi. Þá hafi hún fengið tröllvaxna hendi í andlitið á sér og því þrýst af miklu affi niður í gólfíð.

„Ég var með handarfari í heilan sólarhring eftir þetta. Ég hélt að hann ætlaði að lemja mig, því kylfan var á lofti.“

Hjónin sögðu lögreglumenn-

ina hafa þrúspurt þau hvar Stefán væri niðurkominn en því gátu þau ekki svarað.

Þau sögðu víkingasveitina síðan hafa látið sig hverfa um leið og hún hafði áttað sig á mistökunum. Hjónin sögðust aldrei hafa fengið að sjá húsleitarmeina þó svo að lögreglumennirnir hefðu leitað alls staðar í bústaðnum.

„Þeir sögðu bara að þetta væri „major fuck up“ hjá þeim og sögðu við okkur að við hefðum allavega um eitthvað að tala í kvöld,“ sagði Ívar.

Handtekinn í flogakasti

Í október 2003 sendu mæðginin Kristjana Hafdís Hreiðarsdóttir og Ágúst Hilmar Dearborn bréf til Ríkissaksóknara þar sem óskað var rannsóknar á handtöku Ágústs rúmlega mánuði áður. Ágúst lenti í bílslysi í Reykjaneshæ eftir að hafa fengið flogaveikiskast undir stýri og furðaði fjölskyldan sig á því að hann hefði verið handtekinn með valdi í stað þess að vera fluttur á sjúkrahús. Sögðu þau í samtali við Víkurfréttir að lögreglan hefði beitt miklu harðræði við handtökuna.

Fram kom að atvikið hefði átt sér stað með þeim hætti að bifreið sem Ágúst ók lenti á jarngirðingu við Njarðarbraut í Njarðvík. Í lögregluskýrslu um málið kom fram að Ágúst hafi legið í götunni þegar lögreglan kom á vettvang og hann hafi verið með meðvitund en „mjög ringlaður og engu svarað.“

Fram kom að hann hefði verið leiddur að sjúkrahúsi en neitað að fara inn í hana og reiðst mjög. Hann hefði að lokum verið handjarnaður þar sem ástand hans var talið óstöðugt og hann fluttur á lögreglustöðina í Keflavík.

Fram kom að hann hefði verið „freakur æstur“ og var hann færður í fangaklefa til að „róa hann niður.“

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA MEÐ **TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farataekja

Hraðþjónusta Við mælum rafgeyma og skiptum um

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 12 • 577 1515 • skorri.is

UNNAR: SEINNI HLUTI



Ágúst Dearborn og fjölskylda hans Handtekinn í flogaveikiskasti.



„Ég var grátandi, allur í slefi, svita og tárur og mér leið eins og ég væri að kafna.“

BRÚÐKAUPSFERÐIN ENDAÐI ILLA

SÉRSVEITIN REDST INNA BRÚÐHJON

LEGGSTU NIÐUR! LEGGSTU NIÐUR!

Ívar og Silja Forsíða DV í júlí 2013.

Þá kom fram að Ágúst hefði veitt mikla mótspyrnu.

„Ég lá í svitapólli á maganum og handjárnður aftur fyrir bak. Ég lá á bekknum og lögreglumennirnir keyrðu hnén í bakið á mér.“ sagði Ágúst og bætti því við að honum hefði líðið eins og hann væri að kafna. „Ég var grátandi, allur í slefi, svita og tárur og mér leið eins og ég væri að kafna. Ég grátbað þá um að hætta og sagði að ég yrði góður. Ég sá lögreglumenn í kringum mig á meðan ég var keyrður niður og síðan slokknar aftur á mér. Það næsta sem ég man er að það er öskrað að foreldrar mínir séu komnir. Síðan man ég eftir mér í bilnum á leiðinni heim með mömmu.“

Ingólfur og Hafdís sögðust hafa farið á lögrelustöðina eftir að þeim var sagt frá handtökunni. Sögðust þau ítrekað hafa sagt við lögglumann sem ræddi við þau að Ágúst væri flogaveikur og krafist þess að fá að fara til hans, en þau sögðust hafa heyrt hróp og vein frá Ágústi úr fangaklefanum. Ágústi var hins vegar ekki sleppt fyrr en eftir dágóða stund. „Ég sá hann var hann rennandi blautur af svita og ég fékk að fara með hann heim þar sem ég kom honum í rúmið.“ sagði Hafdís.

Fjölskyldan sagði vitni í málinu hafa sagt þeim að lögreglumenn á vettvangi hefðu verið látnir vita af flogaveiki Ágústs.

„Það skipti greinilega engu máli og það sem við erum líka gríðarlega ósátt við er að honum hafi verið hent í fangaklefa í stað þess að fara með hann á heilsugæsluna. Lögreglan vissi að hann væri flogaveikur.“

Fjölskyldan sagðist hafa fundið fyrir kjaftasögum um að Ágúst hefði verið undir áhrifum eituryfja þegar áreksturinn átti sér stað. Þau tóku fram að vissulega hefði Ágúst komist í kast við lögin í gegnum árin, en að hann hefði ekki verið undir áhrifum eituryfja.

Hafdís tók fram að þó að sonur hennar ætti sér sér einhverja fortíð gagnvart lögreglunni, þá ætti ekki að koma fram við einstaklinga á þann hátt sem gert var.

„Ágúst er enginn engill. Hann hefur mikið skap og hann hefur lent í lögreglunni. Hann er ekki glæpamaður. En drottinn minn dýri, svona á ekki að fara með veika einstaklinga.“

Fram kom að fjölskyldan hefði skrifað Ríkissaksóknara bréf þar sem hún hefði krafist rannsóknar á málinu.

„Lögreglan á ekki að koma svona fram við veika einstaklinga. Ágúst er svo sannarlega ekki sá eini sem er flogaveikur á Íslandi. Hann hefði getað dáið í fangaklefanum vegna meðferðar lögreglumannanna á honum.“ sagði Hafdís. ■

Erfidrykkja

KAFFIHLAÐBORÐ ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR, SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FYRIR ERFIDRYKKJUNA HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Afgreitt á einnota fötum tilbúið á borðið

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

MYNDIR: HANNA/DV

Tónlistarkona Var ein af Áttuhópnum.



Sólborg rýfur þögnina fyrir þolendur

Notaði áfengi til þess að deyfa tilfinningarnar og flýja vandamálin

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Sólborg Guðbrandsdóttir er tuttugu og tveggja ára tónlistarkona og fyrirlesari sem hefur þrátt fyrir ungan aldur náð gríðarlegum árangri í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Sólborg, sem ólst upp í Keflavík þar sem hún býr enn, hefur vakið mikla athygli á samfélags- og fréttamiðlum landsins undan-

farið ár ásamt því að hafa tekið þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins starfaði Sólborg með Áttunni. Fyrir rúmlega tveimur árum tók Sólborg þá ákvörðun að hætta að drekka áfengi og segir hún það bestu ákvörðun sem hún hafi tekið. Blaðamaður tók viðtal við Sólborgu þar sem rætt var um æskuna, ákvörðunina um að sleppa áfengi og baráttuna gegn kynferðisofbeldi.

„Ég er frá Keflavík og hef alltaf búið þar, fyrir utan eitt ár í Svíþjóð. Ég er svona í fyrsta skiptið núna að hugsa um að færa mig um set frá Keflavík,“ segir Sólborg sem á stóra fjölskyldu í Keflavík og þykir augljóslega vænt um heimabæ sinn.

Besta ákvörðunin var að hætta að drekka

Sólborg ólst upp á ástríku heimili og aðspurð um systkini hlær

hún og segir: „Ég á tvíburasystur og svo á ég yngri bræður sem eru tvíburar líka. Það eru tvö og hálf ár á milli okkar. Við vorum fjögur á bleyju. Þetta er rosalegt, ég veit ekki hvernig foreldrar mínir gátu þetta. Svo á ég bróður líka sem er 17 árum eldri en ég, svo að þau tóku þetta svona í tveimur settum og það var alltaf fjör á mínu heimili. Ég veit ekkert hvernig það er að alast upp í ró og næði en ég hef

alltaf átt leikfélaga. Við systurnar eru ótrúlega ólíkar, erum alveg svart og hvítt en náum samt ótrúlega vel saman og erum bestu vin konur. Ég er mjög heppin með fjölskylduna mína og foreldrar mínir hafa kennt mér ótrúlega margt.“

Sem fyrr segir átti Sólborg góða æsku, hún stundaði grunnskóla- og framhaldsskólanám í Keflavík ásamt því að æfa körfubolta þar. Sólborg var virk í félagslífi og kíkta

Þegar ég var 7 ára fór ég með mömmu minni í heimsókn til vinkonu sinnar. Sonur vinkonunnar var 10 eða 12 árum eldri en ég. Hann fór með mig inn í herbergið sitt, læsti og fór með mig undir rúmið sitt. Þar káfaði hann á mér og setti typpið á mér upp í sig og lét mig káfa á sér og runka sér á meðan mömmur okkar sátu frammi að spjalla.... Ég þorði ekki annað en að gera eins og hann sagði og þagði svo yfir þessu í 23 ár. Ég var 30 ára þegar ég sagði vini mínum og þáverandi kærustu frá þessu. Og ég hef ekki enn sagt mömmu frá þessu. Ég er 33 ára í dag og hef enn ekki unnið almennilega úr þessu

Skjáskot af Fávitar

utaf mér finnst þú svo kynferðislega falleg

ég væri til í að brunda á þig með þínu samþykjji

en ég get allveg nauðgað þér ef þú fýlar það

þú ræður

XOXOXO

Ég var í sambandi með stráki í 4 ár mér hafði verið nauðgað áður af besta vini mínum og hann vissi af því, sambandið byrjaði vel en eftir 1 og hálf ár byrjaði hann að beita mér kynfærislegu ofbeldi svaf hjá mér þegar hann vildi ég sagði bestu vinkonu minni hvað var í gangi og eina sem hún sagði var "og hvað með það hann er kærasti þinn hann má gera það sem hann vill við þig"

Það er svo gott að geta litið til baka og séð að hvaða leyti maður hefur þroskast

mikið á djammíð mikið með vinum sínum á tímabili, allt þar til hún tók þá ákvörðun að hætta að drekka.

„Ég drakk síðast þann 12. nóvember 2016, þá var ég að halda upp á tvítugsafmælið mitt á Center, sem er skemmtistaður í Keflavík. Ég var búin að ákveða það fyrirfram að ég ætlaði að taka mér pásu eftir afmælið fram að áramótum. En svo varð sú pásu bara að tveimur og hálfu ári. Þegar það komu áramót þá hugsaði ég með mér að taka einn mánuð í viðbót, svo ákvað ég að taka hálf ár. Eftir að ég hafði ekki drukkið í hált ár þá leið mér miklu betur, svo ég ákvað bara að 12. nóvember hefði verið síðasti dagurinn sem ég smakkaði áfengi í mínu lífi og ég sé ekki eftir því, þetta er besta ákvörðun sem ég hef tekið.“

Drakk til þess að bæla niður tilfinningar og flýja vandamál

Aðspurð að því hvers vegna hún tók þessa ákvörðun segist Sólborg hafa átt í vandræðum með drykkju sína, en spyr á móti: „Hvernig er það ekki vandamál að drekka í sig deyfandi vökva. Mér finnst áhugavert að spurningin sé; af hverju drekkur þú ekki, í staðinn fyrir; af hverju drekkur þú? Við gerum þetta flest. Það er frávikið að vera sá sem ekki drekkur. En jú, þetta var algjörlega vandamál hjá mér, ég drakk til þess að reyna að líða betur og til þess að vera sjálfsörugari. Þetta var auðveldur flótti frá daglegu lífi. Áfengi færði mér bara eitthvert bull, ég drakk til þess að deyfa tilfinningar mínar og flýja vandamál mín, eins og ég veit að mjög margir gera. Mér finnst áfengi rosalega normaliserað í samfélagi okkar og auðvitað er allt í lagi að fólk geri nákvæmlega það sem það vill, en fyrir mitt leyti, þá vil ég ekki drekka eitru til þess að reyna að líða betur í stuttan tíma, því að það gerir einmitt bara það. Lætur manni líða betur í styttri tíma og svo kemur þetta allt margfalt til baka. En eftir að ég hætti að drekka þá hafa markmið mín verið að rætast og ég er fókuseruð, ég hef meiri tíma fyrir

sjálfa mig og ég er aldrei með eitthvert samviskubít eftir djamm. Í staðinn hef ég verið að vinna í sjálfri mér og í dag líður mér vel í eigin skinni. Ég er farin að gera hluti sem ég þorði ekki áður. Svo er mikið um alkóhólisma í ættinni minni en pabbi hefur verið edrú í 38 ár og stóri bróðir minn mun fljótlega fagna stórum áfanga, svo þetta er í kringum mig. Ég hætti alveg á meðan ég átti tiltölulega auðvelt með það.“

Sólborg segist hvorki hafa upplifað fordóma né skilningsleysi þegar hún hætti að drekka, heldur þvert á móti hafi fólk talið þetta góða ákvörðun og spurði hana gjarnan hvernig hún fór að.

„Fólk kom kannski til mín og hrósaði mér fyrir og sagði mér svo hvað það væri til í að hætta að drekka, en það væri bara alltaf eitthvað að fara að gerast, afmæli næstu helgi og þess háttar. En það er alveg nóg að gera hjá mér líka, ég geri það bara edrú. Við getum endalaust fundið afsakanir fyrir því að drekka, en við getum líka alveg fundið ástæður til þess að drekka ekki.“

Áttan var skemmtilegt ævintýri

Frá því að Sólborg hætti að drekka segir hún líf sitt hafa breyst til batnaðar og upplifir hún mikinn mun á líkama og sál.

„Ég finn mikinn mun á mér. Ég er farin að líta til baka núna og það er svo gott að sjá ekki bara breytingar á því hvernig maður lítur út, heldur líka breytingar á því hvernig manneskja maður er og það er svo gott að geta litið til baka og séð að hvaða leyti maður hefur þroskast. Ég er því meira að lifa því lífi sem mig langar til að lifa. Ég er ákveðnari og öruggari og nýti tíma minn miklu betur.“

Það kannast líklega margir við Sólborgu síðan hún lék stórt hlutverk með samfélagsmiðlahópnum Áttunni en þar lék hún bæði og söng ásamt því að taka þátt í fleiri skemmtilegum uppákomum sem hópurinn tók upp á.

„Ég hef verið að syngja frá því að ég var lítill krakki. Pabbi

er píanóleikari og við systurnar syngjum rosalega mikið saman. Ég hafði lengi vitað hvað Áttan er og þau voru á tímabili að auglýsa eftir fólki, ég var ekki að gera neitt og ákvað að sækja um. Svo fór ég í prufur og komst á endanum inn. Þetta var svolítill skyndiákvörðun, en var svo ótrúlega skemmtilegt ævintýri og ég kynntist frábærum krökkum og skemmti mér ótrúlega vel.“

Fávitar – Átak gegn kynferðisofbeldi

Sólborg tók svo ákvörðun um að hætta með Áttunni og fara að einbeita sér að öðru, persónulegra verkefni sem hún hafði þegar hafði.

„Ég fór að einbeita mér meira að Fávita Instagramminu og það var svona það sem mig langaði að gera einmitt þá.“

Síðan Fávitar sem Sólborg stofnaði á Instagram er átak hennar gegn stafrænu og annars konar kynferðisofbeldi og hefur síðan í dag yfir 20 þúsund fylgjendur sem standa saman í því að segja frá ofbeldi, styðja hvert annað og vinna gegn kynferðisofbeldi. Hugmyndina fékk Sólborg í gegnum Styrmi, góðan vin sinn, sem hafði séð sams konar síðu í Svíþjóð sem heitir „Assholes Online“.

„Hann kastaði þeirri hugmynd fram, hvort við ættum ekki að fara að hrista eitthvað upp í þessu í samfélaginu og gera eitthvað í þessu. Við vissum ekki alveg hvað við ætluðum að gera, ég byrjaði bara að birta skjáskot sem ég átti sjálf. Flestir hafa lent í einhverju svona á netinu. Dónalegum skilaboðum og þess háttar og ég tindi það saman sem ég átti til og birti þarna inni. Smám saman varð þetta að því sem þetta er orðið í dag. Ég fer með fyrirlestra nánast daglega í skólum landsins og það eru um 20 þúsund manns að fylgjast með. Ég ætlaði aldrei að fara að halda fyrirlestra eða mæta í viðtöl. Ég var aldrei búin að ákveða þetta, en ég fór bara af stað af því að mig langaði að segja eitthvað þar sem ég var orðin þreytt á þessu. Smám saman hefur þetta svo orðið að einhvers konar aflí.“

Lögum ekki vandamál á meðan við þegjum

Segir Sólborg þau gríðarlega miklu viðbrögð sem síðan fékk sýna svart á hvítu hvað kynferðisofbeldi snerti marga.

„Þetta er ekki bara vandamál einhverra stelpna sem eru að kvarta yfir því hvað heimurinn er vondur við þær. Þetta er líf okkar

allra. Þetta er hvernig við komum fram við hvert annað. Samskiptamátinn í menningu okkar. Þetta varðar okkur öll. Systkini okkar, vini, mömmur og pabba. Það skiptir máli að við vöndum okkur og séum tilbúin að gagnrýna það sem við gerum rangt.“

Sólborg segir heiminn sífellt að verða betri og betri með hverri byltingunni sem gerð er og að það sé mikilvægt að tala upphátt um hlutina.

„Um leið og við erum komin með orð eins og drusluskömm, hlutgerving og þolendaskömm, orð sem við vorum ekki með í orðaforðanum okkar fyrir einhverjum árum, þá förum við að geta bent á hluti og sagt: „Hei, þetta er þolendaskömm og hvað getum við gert til þess að koma í veg fyrir hana?“ Mér finnst við aðeins farin að verða umburðarlyndari gagnvart tilfinningum okkar og upplifun hvert annars. Við þurfum ekki að hafa það verst í heimi til þess að mega hafa það aðeins betra.“

Mikið af ofbeldi framið vegna vanþekkingar

Vonar Sólborg að hægt verði að útrýma kynferðisofbeldi í framtíðinni, en að það verði þó líklega ekki á meðan hún lifir.

„Síðasti fávítinn er ekkert fæddur, það er alltaf að fæðast ▶



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysruvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum



Draghals 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

Hætti að drekka Sólborg drakk til að deyfa tilfinningar og flýja vandamál.



vont fólk í þennan heim og ég kem ekkert í veg fyrir það, en ég veit samt líka að það er ótrúlega mikið af ofbeldi sem er framið af því að fólk veit ekki betur. Af því að enginn hefur sagt: „Þú mátt setja þín eigin mörk og þú mátt ekki fara yfir mörk annarra. Mörk fólks geta verið mismunandi.“ Það er svo margt svona sem þarf að útskýra. Kannski var einhverjum aldrei sagt að hann mætti ekki snerta aðra manneskju kynferðislega á meðan hún væri sofandi eða að það væri ekki í lagi að klípa í rassinn á fólki án leyfis. Það þarf að tala um alls konar svona grundvallarhluti og

um leið og við gerum það þá held ég að við getum komið í veg fyrir ofbeldi.“

Þarf ekki að vera reiður þólandi kynferðisofbeldis til þess að mega tala

Sjálf hefur Sólborg aldrei orðið fyrir grófu kynferðisofbeldi en hefur hún þó átt í samskiptum við fólk sem farið hefur yfir hennar mörk.

„Það hefur alveg gerst á síðustu árum – að fólk virði ekki þegar ég segi nei eða heldur áfram að suða. Það er svo margt sem við getum gert til þess að vanda okkur betur. Ég er ekki þólandi kynferðisof-

beldis, enda þarf ég ekki að vera það til þess að mega tala. Ég er ekki bara að biðja fólk um að koma betur fram við mig. Það eru ótrúlega margir þarna úti sem eru þólandur grófs kynferðisofbeldis og hafa ekki enn þá safnað kjarki til þess að rjúfa þögnina. Þess vegna er svo mikilvægt að þeir sem hafa kjark, nýti sér það til þess að hjálpa öðrum.“

Sólborg segir Fávita Instagrammið í dag vera orðið ákveðið vopn fyrir fólk sem lent hefur í kynferðisofbeldi og að það hafi hjálpað mörgum.

„Það er svo mikill styrkur að

„Ég er ekki þólandi kynferðisofbeldis, enda þarf ég ekki að vera það til þess að mega tala.“

hafa 20 þúsund manns sem eru að berjast gegn kynferðisofbeldi saman. Það leitaði til mín stelpa fyrir stutt sem það um hjálp, hennar fyrirverandi var að hótta henni ofbeldi og hvetja hana til þess að fremja sjálfsvíg. Hann hóttaði henni að ef hún myndi ekki senda honum kynferðisleg myndbönd þá myndi hann dreifa nektarmyndum af henni. Ég sendi á hann skilaboð og sagði honum að haga sér og þarna hafði ég þessa 20 þúsund fylgjendur á bak við mig. Þá bakkadi hann. Um leið og við förum að nýta það að geta kært þessi brot til lögreglunnar og förum að gera það, þá kannski fara hlutirnir að breytast og lögin fara að vera með okkur í liði, þrátt fyrir að þau eigi auðvitað að vera það í dag. Þrátt fyrir að Fávita-síðan sé bara Instagram-síða þá er hún hálfger verndarvængur, finnst mér. Það er svo mikil ást þarna inni.“

Upplifði kvíða og þunglyndi eftir grófar ofbeldissögur og dró sig í hlé

Eftir að Fávita-síðan hafði verið í loftinu í nokkurn tíma dró Sólborg sig í hlé frá síðunni og lét fylgjendur sína vita að hún gæti ekki séð um hana um óráðinn tíma. Aðspurð út í þá fjarveru segir Sólborg: „Þetta var bara kvíði og þunglyndi, ég var að ræða við og taka á móti sögum um ofbeldi á hverjum einasta degi, oft á dag. Ég tók mér tveggja mánaða pásu í kringum nóvember og desember. Síðan ég kom til baka hef ég sett annan

fókus á síðuna. Núna er ég meira að ræða alls konar femínísk umræðuefni þar inni á. Ég er enginn sérfræðingur en ég reyni að vera til staðar fyrir fólk og vísa því til þeirra sérfræðinga sem ég veit af. Ég fór upphaflega af stað með síðuna með það að markmiði að fjalla um stafrænt kynferðisofbeldi, hefndarklám og áreitni á netinu, en svo smám saman fór ég að birta sögur af ofbeldi í samböndum og af alls konar kynferðisofbeldi.“

Aðspurð um framtíðina segir Sólborg hana óráðna að mestu.

„Ég er á fullu þessa dagana með fyrirlestra og er líka að vinna sem blaðamaður hjá Víkurfréttum. Svo kemur restin í ljós. Í sumar ætla ég að ferðast um landið og næ vonandi að vinna í einhverri tónlist, mér finnst það alltaf gott. Þegar ég fæ alveg nóg, þá tek ég mér pásur og þá finnst mér gott að hafa tónlistina. Fávita síðan er tímabundið verkefni. Kannski klárast það í sumar, kannski í haust. Ég ætla að leyfa því að koma í ljós. Ég fæ svo mikla ást þarna inni og það hvetur mig rosalega mikið áfram. Ég er alveg með heilan her á bak við mig, og ekki á bak við mig, við erum öll á línunni að reyna að gera okkar besta þrátt fyrir að ég birti þetta. Við erum öll að vinna saman að þessu markmiði,“ segir Sólborg að lokum. ■

Hægt er að fylgjast með umræðunni og bóka Sólborgu á fyrirlestra á Instagram undir notandanafninu: favitar.

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM

Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Allir posar frá Verifone taka við snertilausum greiðslum með farsímum



Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

„Ef þú vilt ekki láta dæma þig, þá er ágætis æfing að dæma ekki aðra“

Laufey segir fólk eiga auðveldara með að hörfa heldur en að standa með sjálfu sér

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Börn eru dásamlega eðlileg. Þau dansa og syngja þegar þeim líður þannig. Burt séð frá stað eða stund, þá eru þau bara þau sjálf. Þegar við vörum úr grasi þá hættum við að dansa og syngja í kringum ókunnuga. Við lærum að haga okkur á ákveðinn hátt, í kringum ákveðið fólk og ákveðnar aðstæður, eðlilega ... eða hvað?“ segir Laufey Haraldsdóttir markþjálfari og veltir fyrir sér þeim mismunandi hlutverkum sem fullorðin fólk á til að ganga inn í.

Mismunandi útgáfur af okkur fara eftir stað og stund

„Við könnumst öll við það að haga okkur á ólíkan hátt eftir því hvaða fólk er í kringum okkur og þeim aðstæðum sem við finnum okkur í. Við högum okkur öðruvísi í vinnunni heldur en heima, með besta vini eða maka, í kringum foreldra okkar eða börn. Ef bilið á milli þessara persónuleika okkar er mikið getur það verið hamlandi

fyrir okkar innri og ytri vöxt. Tökum dæmi. Segjum að þú hafir lengi heillast af jóga og hugleiðslu. Þú ert búinn að lesa þér til og horfa á öll kennslumyndbönd sem þú kemst yfir. Þú æfir þig heima og finnur að þetta gerir þér gott. Þú rekest á hugleiðsluhóp á Facebook ákveður að skella þér. Þú ert kominn í nýjan félagsskap sem hefur góð áhrif á þig og þú leyfir þessari hlið þinni að njóta sín með þessum hóp. Þetta er orðin stærri partur af þér og þér finnst frelsandi að geta verið þú sjálf(ur) í kringum nýju vinina þína. En í vinnunni ert þú með allt aðra ímynd. Ef vinnufélagarnir sæju þessa hlið af þér myndu þeir örugglega dæma þig. Fjölskylda þín er líka með ákveðnar skoðanir á því hver þú ert og þú felur þessa hlið af þér fyrir henni líka. Núna eru þrjár útgáfur af þér. Hver útgáfan heldur hinni í skefjum.“

Höfum tvo valkosti

Laufey segir mikilvægt fyrir hvern og einn að upplifa góðan stuðning í gegnum þau þroskaeiki sem viðkomandi gengur í gegnum

Laufey Haraldsdóttir Markþjálfari.




Þú ert að hreyfa við veruleika allra í kringum þig

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



á lífsleiðinni. Stundum sé þó erfitt að finna stuðning í nærumhverfinu vegna þess hve viðhorf annarra séu fastmótud. Hún segir markþjálfara þá geta verið góðan stuðning þar sem hlutverk þeirra sé ekki að hafa skoðun á fólki eða hvað það vilji gera heldur að draga fram hæfni og möguleika sem búa innra með hverjum og einum og styðja viðkomandi í sínu ferli.

„Þegar þú fækkar útgáfunum af þér og leyfir þér að vera þú sjálf(ur) þvert á aðstæður og fólk, þá gætir þú fundið fyrir mótlæti. Það er eðlilegt. Þú ert ekki bara að breyta veruleikanum þínum. Þú ert að hreyfa við veruleika allra í kringum þig. Það verður til ójafnvægi milli þín og ytri aðstæðna.“

Þegar á þennan stað er komið átt þú tvo valkosti. Viltu hörfa til baka og þykjast vera sú manneskja sem þú varst til þess að fólk dæmi þig ekki og hneykslist á breytingunum? Eða leyfa þér að vera nýja og bætta útgáfan af þér sem þú varst að kynna og kannst svo vel við?“

Auðveldara að hörfa

Laufey segir fólk upplifa fyrri valkostinn mun auðveldari og því sé mjög algengt að fólk hörfi til baka í sitt vanahorf þótt því fylgi gjarnan órói og jafnvel vanlíðan vegna þess að fólk sé þá farið að lifa fyrir

aðra. Hún veltir því fyrir sér hvers vegna fólk ætti að velja þann kost.

„Hvað vantaði upp á til þess að þessi vöxtur fengi að eiga sér stað? Fólkið í kringum þig og ytri veruleiki þinn mun ekki fylgja í fyrstu. Það tekur tíma að ná þér og ná jafnvægi, en ég get sagt þér að ef þú heldur þínu striki og stendur með sjálfum þér þá gerist það á endanum og það verður ekki bara ánægjulegt fyrir þig. Það skapar rými fyrir aðra í kringum þig til þess að gera slíkt hið sama. Vakna til vitundar, vera viðsýnni og nær sjálfum sér. Þegar það gerist, þá getur þú verið stuðningsmaður í þeirra vegferð. Ekki leyfa huganum að reyna að réttlæta að þú getir þetta ekki, eða halda því fram að fólk sé að dæma þig. Það er oftast byggt á ranghugmyndum hvort sem er. Það er einungis hugmynd þín um fólkið í kringum þig. Ef þú vilt ekki láta dæma þig, þá er ágætis æfing að dæma ekki aðra. Hlustaðu frekar á hjartað, ástríðuna og innsæið.“

Hver ert þú í raun?

Laufey segir mikilvægt fyrir fólk að hafa hugrekki til þess að takast á við áskoranir og þrautseigju til þess að hörfa ekki til baka.

„Þú býrð yfir öllum þessum kröftum, stundum þarft þú bara að dusta rykið af þeim, hætta að

svíkja sjálfan þig og gera hluti gegn þínum vilja.“

Að gera hluti gegn vilja þínum veldur ónotatilfinningu hjá þér sem á endanum fer að naga sjálfsvirðinguna sem hefur áhrif á styrk þinn og sjálfstraust. Þú átt það ekki skilið. Leyfðu þér að vera nákvæmlega sú eða sá sem þú ert, alltaf og alls staðar. Hræðsla við viðbrögð annarra og ótti við að verða ekki samþykktur eða standast ekki þær kröfur sem viðkomandi heldur að séu gerðar til hans í hópnum er það sem heldur aftur okkur. Þetta er mjög óþægileg staða að vera í og fólk kemur sér í hana alveg ómeðvitað og þetta er algengara en við höldum. Hver er rétta útgáfan af þér? Hver ert þú í raun?“

Laufey segir að þeir sem standi fast á sínu uppskeri gleði og vellíðan þegar þeir fá loksins að vera þeir sjálfir.

„Skyndilega fer fólk að sjá þig blómstra í raunútgáfunni af þér. Útgeislun þín breytist. Þetta getur verið algjör rússíbani. Þú leggur á stað í óvissuna, ferð í nokkra hringi, hátt upp og lengst niður en það er samt gott að vita og hafa að leiðarljósi að það koma allir heilir og helmingi glaðari til baka eftir ferðina. Mundu að njóta, þetta verður mjög skemmtilegt og gefandi.“ ■

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



„Margar stelpur mæta e hreinlega hætta þegar þ

Alexandra fræddi konur og karla um blæðingar og safnaði fyrir dömubindum

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Endurnýjanleg
dömubindi
1.200 bindi fyrir
210 konur.

Alexandra Kristjánsdóttir er tuttugu og þriggja ára gömul með háleit markmið og stóra drauma. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Alexandra mikla reynslu í farteskinu og eru náttúru- og umhverfismálum henni afar hugleikin. Eftir framhaldsskólánám í Englandi fór Alexandra beint út á vinnumarkaðinn og gegndi hún meðal annars ábyrgðarstöðu á fasteignasölu, seldi lausnir á endurnýtanlegri orku og ferðaðist um heiminn í heilt ár sem barnfóstra fyrir ameríska fjölskyldu.

Í dag er Alexandra nýkomin heim frá Indlandi þar sem hún bjó í afskekktu þorpi í þrjá mánuði. Þar vann hún meðal annars að því að skrifa bók um lífgas fyrir indverska bændur en meðan hún dvaldi þar komst hún að ýmsu um þorpsbúa sem sló hana.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á Indlandi. Maður heyrir margar sögur þaðan og ég vildi sjá og upplifa landið með mínum eigin augum, með opnu hugarfari. Indland er næstfjölmennasta land í heimi. Þar ríkir enn mikil fátækt og fólk þar glímir við alls kyns vandamál. Þar er unnið hörðum höndum við að mennta komandi kynslóðir og takast á við hluti eins og mengun, rusl, þurrka og hreinlæti. Mig langaði til þess að læra meira, um menninguna, fólkið og landið sjálft,“ segir Alexandra í viðtali við DV.



Blæðingar eru virkilega tabú

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR

Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins



Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is

Konur hætta að mæta í skóla þegar þær byrja á blæðingum

Þorpið sem Alexandra bjó í á Indlandi er mjög afskekkt og lagði hún sig fram við að kynna þorpsbúum vel.

„Við bjuggum á mjög afskekktu svæði. Eftir að hafa kynnst indversku konunum nánar áttuðum við okkur á því að blæðingar eru virkilega tabú. Margar af konunum sem við töluðum við vissu ekki ástæður tíðablæðinga. Enginn af karlmönnum sem við störfuðum með, vissu það heldur. Þeir héldu því fram að konur yrðu „veikburða“ einu sinni í mánuði vegna synna sinna og þetta væri bölvun frá guðunum. Ég kynnti mér málið og komst að því að meirihluti kvenna á Indlandi hefur ekki aðgang að dömubindum. Flestar konur nota gömul fót eða efnisbúta og margar stelpur mæta ekki í skólann, eða hreinlega hætta þegar þær byrja á blæðingum. Mér fannst alveg hrikalegt að komast að þessu öllu saman. Þetta eru svo mikil mannréttinda- og jafnréttismál að mínu mati!“

Alexandra ákvað því að gera það sem hún gæti til þess að aðstoða konurnar í þorpinu og setti af stað söfnun til að geta keypt endurnýtanleg dömubindi.

„Fyrir afmælið mitt í ár langaði mig til þess að gera eitthvað sérstakt, sem tengdist þessu málefni. Ég ákvað sem svona gjöf „frá

mér til mín“ að gefa stelpunum á Indlandi sem við vorum að vinna með, endurnýtanleg dömubindi. Upp frá því þráðist sú hugmynd að biðja fjölskyldu og vini að gefa mér pening fyrir endurnýtanlegum dömubindum í staðinn fyrir afmælisgjafir í ár. Það tóku allir svo vel í þetta að ég setti upp síðu og áður en ég vissi af var fólk farid að dreifa þessu um allt á Facebook. Þegar upp var staðið höfðum við safnað fyrir meira en 1.200 endurnýtanlegum dömubindum, sem nægði fyrir 210 konur. Hver pakki inniheldur 6 dömubindi og einn vatnsheldan poka. Ég var svo snortin af gjafmildi og góðvild allra að ég hreinlega táraðist af gleði á afmælisdeginum mínum.“

Ógleymanleg upplifun að veita konunum fræðslu

Þegar Alexandra dreifði dömubindunum til kvennanna fræddi hún þær einnig um blæðingar og var vel tekið á móti henni hvar sem hún kom.

„Það var svo yndislegt að gefa stelpunum og konunum dömubindin og veita þeim fræðslu um blæðingar. Þær tóku allar svo vel í þetta og voru svo þakklátar. Í síðasta hópnum stóð meira að segja ein konan upp og byrjaði að dansa af gleði. Hinar konurnar bættust í hópinn og í lokin vorum við allar syngjandi og dansandi saman. Virkilega yndisleg stund og alveg

Ekki í skólann, eða þær byrja á blæðingum“

Ævintýramanneskja
Alexandra ferðaðist um heiminn í heilt ár sem barnfóstra.



Jafnréttismál Meirihluti kvenna í Indlandi hefur ekki aðgang að dömubindum.



”Hvað er það sem þig hefur alltaf langað til að gera?

ógleymaþæg upplifun. Mér fannst mikilvægt að dömubindin kæmu frá Indlandi og eftir mikla leit keypti ég bindin í gegnum Pads for Sisters hjá Ecofemme sem er virkilega frábært framtak hjá flottu fyrirtæki.“

Alexandra kveðst virkilega snortin og þakklát þeim sem tóku þátt í að styrkja málefni hennar og hvetur fólk til þess að fylgja draumum sínum.

„Ég vil þakka öllum þeim Íslendingum sem styrktu þetta málefni, suma hef ég aldrei hitt. Svo var líka gaman að sjá hvað það voru margar konur sem að keyptu sín eigin endurnýtanlegu dömubindi eftir að sjá þetta! Ég nota sjálf endurnýtanleg dömubindi og ég elska þau. Ekkert plast og engin skaðleg efni, bara bómull eða

bambustrefjar, virkilega þægilegt og svo hendir maður þessu bara í þvottavélina. Mig langar til þess að hvetja alla til þess að elta drauma sína. Ég trúir því svo innilega að allt sé hægt og að enginn draumur sé of stór!

Bestu augnablikin í mínu lífi hafa öll komið af því að ég fór út fyrir þægindarammann minn. Þrátt fyrir hræðslu og þekkingarskort lét ég það ekki stoppa mig, og ég vil hvetja annað fólk til þess að gera slíkt hið sama.

Spurningin er, hvað er það sem þig hefur alltaf langað til að gera? Til að hjálpa, eða starfa við, en hefur aldrei þorað?

Eins og breska tilvitnunin segir: „Life begins at the end of your comfort zone.“

Eftir hverju ert þú að bíða? ■



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS
í hjarta REYKJANESBÆJAR

MATSÖLUSTAÐUR

SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR

ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR



SAKAMÁL



13 konur, á aldrinum 18 til 25 ára, lentu í klónum á suðurfríska raðmörðingjanum Thozamile Taki árið 2007. Taki losaði sig við lík 10 fórnarlamba sinna með því að fleygja þeim á sykurreyrakra í grennd við bæinn Umzinto, fyrir vikið fékk hann viðurnefnið Sykurreyrsörðinginn. Taki losaði sig við lík þriggja kvenna á teræktarsvæði skammt frá Port St. John. Um ránmorð ku hafa verið að ræða

JÁRNMAÐURINN

■ William Burkitt gerði það ekki endasleppt ■ Engin þriggja sambýliskvenna ha

Englendingurinn William Burkitt fæddist árið 1887 í Hull á Englandi. Móðir hans hét Mary Ann og faðir hans William. William, yngri vel að merkja, var unglingur að aldri þegar faðir hans lést og hafði heillaði unga manninn. Hann gerðist sjómaður og ól manninn á hinum ýmsu togurum í Hull þess tíma. Ekkert gaf ástæðu til að ætla að William sveigði af braut vinnu-semi og heiðarleika.

Fyrri heimsstyrjöldin skall á og William gekk í herinn. Honum varð fljótlega ljóst að ljómi hermennskunnar reyndist byggður á ranghugmyndum og William sveikst undan merkjum og gerðist liðhlaupi. Hann var síðar ákærður vegna þess, en það er önnur saga.

Heima í Hull á ný

Árið 1915 var William kominn á heimaslóðir og búinn að munstra sig á togara. Hann átti í sambandi við 32 ára, fráskilda konu, Mary Jane „Polly“ Tyler. Sagt er að mýsnar leiki sér þegar kötturinn er ekki heima og varla var búíð að leysa landfestar þegar Mary Jane kastaði sér í fangið á manni að nafni Harding.


„Farið með fyrsta lögregluþjóninn sem þið sjáið heim til ykkar, þar er móðir ykkar dain.“

Hvort William var Mary Jane trúr skal ekki fullyrt, en vitað er að þann 28. ágúst, 1915, rifust þau heiftarlega á heimili sínu við Westbourne-stræti. Rifrildið snerist um ljósmynd sem sýndi William með handlegginn um mitti annarrar konu.

Rifist vegna ljósmyndar

Óhætt er að segja að rifrildið hafi undið upp á sig því William greip

hníf og stakk Mary Jane til ólífis. Segir sagan að þegar William yfirgaf heimilið hafi hann gengið beint í flasið á tveimur börnum Mary Jane, sem voru að koma úr kvikmyndahúsi. „Hérna er húslykillinn,“ sagði hann þegar hann rétti þeim húslykilinn. William bætti svo við: „Farið með fyrsta lögregluþjóninn sem þið sjáið heim til ykkar, þar er móðir ykkar dain.“ Nú, þann 23. nóvember, sama



William Burkitt
Hafði heillaði William, en sjómennskan varð endaslepp.

ár, hófust réttarhöld yfir William Burkitt. Hann var sakfelldur, fyrir manndráp en ekki morð, og fékk tólf ára dóm.

Önnur kona, annað dráp

Víkur nú sögunni fram til ársins 1924. Þann 23. nóvember var William sleppt úr fangelsi og fljótlega flutti hann inn til 44 ára, giftrar konu, Ellen Spencer. Ellen og eiginmaður hennar voru reyndar skilin að skiptum, svo því sé haldið til haga.

Nánast sléttu ári síðar, 3. nóvember 1925, ákvað dóttir Ellen að heimsækja hana. Hún hringdi dyrabjöllunni og barði allt að utan, en allt kom fyrir ekki; enginn kom til dyra.

Dóttirin fékk nágranna til að brjóta upp dyrnar og þau fundu

Ellen dána. Hafði hún verið stungin í hálsinn.

Mislukkuð sjálfsvígstílaun

Á efri hæðinni fannst William, sofandi eða meðvitundarlítill. Talið var að hann hefði skrúfað frá gasinu í tilraun til að svipta sig lífi.

Þann 20. nóvember, 1925, stóð William frammi fyrir dómara, ákærður fyrir morð. William kom með þá skýringu að Ellen hefði vakið hann óvænt og honum hefði brugðið svo að hann sló til hennar. Af hverju William svaf, að því er virðist, með hníf fylgdi ekki sögunni.

Aftur var William sakfelldur fyrir manndráp, en ekki morð, og dæmdur til tíu ára fangelsisvistar sem hann afplánaði í Dartmoor-fangelsinu.

Hádegis tilboð

alla virka daga frá 11.30 ~ 14.00

Humarsúpa & grillað fiskspjót

2.850 kr

Sægreifinn
Geirsgötu 8 • 553 1500

BORG
BRUGGHUS


í öllum tilfellum, en ekki er talið loka fyrir það skotið að líkamshlutar einhverra fórnarlambanna hafi ratað í hendur ónefnds Zulu-heilara. Taki var handtekinn í september árið 2007 og var í haldi í Westville-fangelsinu. Þann 21. febrúar, 2010, reyndi Taki, ásamt átta öðrum fönfum, að flýja úr fangelsinu. Ekki tókst betur til en svo að hann féll af þaki fangelsisálmunnar. Um var að ræða fjögurra hæða fall og slasaðist Taki alvarlega. Hinir fangarnir náðu að flýja. Þann 19. janúar, 2011, fékk Taki þrettánfaldan lífstíðardóm og 208 árum betur.



TAKI

FRÁ DARTMOOR

ns kembdi hærurnar ■ Var kallaður Konungur raðmorðingjaklúbbsins í fangelsi



Dartmoor-fangelsið
Heimili Williams í tíu ár.



Gamla sjúkrahúsið í Hull
Síðasti dvalarstaður Williams Burkitt.

„Aspiríntöflurnar virtust ekki ætla að hafa tilætluð áhrif og greip William því til þess ráðs að fleygja sér í Hull-ána

600 aspiríntöflur

William fékk frelsið á ný þann 15. ágúst árið 1935. Þess var skammt að biðja að hann myndi sér sambýliskonu. Sú hét Emma Brookes og lék allt í lyndi hjá þeim fyrst um sinn.

Árið 1939, 27. febrúar, bankaði William upp á hjá systur sinni. Froðan vall út um munninn á honum og upplýsti hann systur sína um að hann hefði tekið 600 aspiríntöflur eftir að hafa kyrkt Emmu.

Aspiríntöflurnar virtust ekki ætla að hafa tilætluð áhrif og greip William því til þess ráðs að fleygja sér í Hull-ána.

Járnmaðurinn frá Dartmoor

Skjótráðir vegfarendur náðu að bjarga William og tveimur mánuðum síðar var hann kominn á kunnuglegar slóðir; frammi fyrir dómara, í Leeds í þetta skiptið.

Það var enga miskunn að finna hjá Magnúsi í þetta sinn, enda þekkti dómarrinn vel til forsögu Williams. Í maí árið 1939 fékk William lífstíðardóm.

Að sögn var William til fyrirmyndar og ágætlega liðinn af samfönfum sínum. Hann fékk hin ýmsu viðurnefni, til dæmis Konungur raðmorðingjaklúbbsins og Járnmaðurinn frá Dartmoor.

Engin sjáanleg iðrun

Ekkí var að sjá að William iðraðist gjörða sinna og lét hann flúra á sig myndir af legsteinum með dagsetningum hvers morðs.

Í maí árið 1954 var William sleppt úr fangelsi og skömmu síðar var hann lagður inn á sjúkrahúsið í Hull og lauk þar vegferð sinni um lífið á jóladagskvöld árið 1956. ■

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR
ÁN HLÍÐSTAEDU

gaeludyr.is

www.gaeludyr.is

Helgarkrossgátan

	krossgátugerð: Bjarni sími 845 2510				handsama	2 eins		spil	ílát
						4			
	fiskana								
	eldsneyti					freri hvað?			
	2 eins					agnúi 3 eins			
fugl							bílfæra		
Teikning: Bjarni eftirprentun bönnuð	↓	fíknin	eins um g	metta	mál farvegur			kvendýr getan	10
getspakur					2	tappi stokkur		6	verslun
bættar								hast	
skap					viður tunnan		3		spælda 9
áflog			látin					ásmegin	
	↓	5	lokaorð 2 eins					nudda planta	
drykkur				temur agi				mylja	hvass- viðri
múlamir						↑	maður þjóð		
		vitstola	spjall		vaxa				erfð 1
formaðir								ábreiða 3 eins	
sprikla				slælega	dægur				númer
vistar- veruna						skinnið		þögul skæla	
		mánuður	muldrar		óttast öfug röð				2 eins
	↘					↗	skanka		
	truflar draugar				7		fugl		
sekk			snaut	ofkæling	hrjá útlími			áorka	snjór
		vikurinn þrýsta			8		eldsneyti aula		
skerðist						afann glíma			
brella			út- byggingin				fanga		
fuð					skítugar				

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

9	3				2		7	
			5	1		4		9
8	4						2	
1		3			4	5		
2		7		3		6		8
	8							7
	9		8	2	1		5	
			4	9	5			1
		2						

Erfið

2	4							9
	1	7		6		2		
			7		4		1	
		1			9	7		2
3	6					8	9	
		8						
		5		1	2			
9			8	4				5

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Inga Dóra Konráðsdóttir
Túngata 42

101 - R
Lausnarorðið var **HROSSASKÍTUR**
Inga hlýtur að launum bókina
Sextíu kíló af sólskini



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin Hasim**

Sex ára indverskur strákur er settur aleinn upp í lest og endar sólarhring síðar í stórborg þar sem enginn tekur á móti honum og fólk talar framandi tungumál. Næstu árin er hann umkomulaus og einn í heiminum. Sumir eru honum góðir en hann verður líka fyrir ofbeldi og misnotkun.

Svo er hann sendur yfir hálfan hnöttinn, úr hitanum og mannþrönginni í Kalkúta í snjóinn og fámennið í Þorlákshöfn; úr örþingdó í allsnægtir. Allt í einu á hann foreldra og systkini – en enginn skilur hann og hann skilur engan. Og að ári liðnu er hann aftur einn. Beiskur, sár, ráðvilltur og rótlaus. Rændur tungumáli sínu og menningu. Hann fer til Indlands að leita að fjölskyldu sinni – og finnur hana en ekki svörin sem hann leitaði að.

Hasim Ægir Khan á sér ótrúlega sögu – sögu af hrakningum, höfnun, baráttuvilja og dug. Hann hefði getað endað á ruslahaugunum að eigin sögn en vann þess í stað að lokum í fjölskyldulottóinu. Stundum fara þó afturgöngurnar í höfðinu á stjórna og sárin sviða.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, höfundur bókarinnar, er löngu þjóðkunn fyrir skrif sín og störf við sjónvarp og útvarp. Hún nálgast viðfangsefnið af fágætu næmi og samúð með aðalsöguhetjunni og þeim sem reyndu að hjálpa en gáfust upp.



**POTTAGALDRAR
VIÐ GRILLIÐ
Í ALLT SUMAR**

Kryddin frá okkur eru ómissandi í matreiðsluna hjá ykkur



**Úðafoss hefur gott úrval af líni til leigu fyrir
airbnb íbúðir og gistiheimili!**

Auðveldaðu þér lífið og fáðu tilboð í leigu á líni hjá okkur.
Hafðu samband í síma: 551-2301 eða sendu okkur póst á udafoss@udafoss.is

FATAHREINSUNIN
ÚÐAFOSS
VITASTÍG 13 - SÍMI 551 2301



Castello
PIZZERIA

**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**
WWW.CASTELLO.IS



DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

Sara Elísa komin með nýjan mann



Sara Oskarsson, listakona og varaþingmaður Pírata, er komin með nýjan mann í líf sitt. Sá lukkulegi heitir Andri Thor Birgisson, ljósmyndari og samfélagsmiðlasnillingur, sem búsettur hefur verið í Dan-

mörku um árabil. Foreldrar Andra eru María Friðjónsdóttir og Birgir Þór Bragason, sem bæði unnu að dagskrárgerð á Íslandi um árabil, þau hafa verið búsett í Danmörku frá 1990.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

Áhugavert á Instagram – Hefðarfrú heilluð af Íslandi

Fyrrisætan lafði Victoria Hervey er ein fjölmargra Íslandsvina. Hervey er 42 ára, fædd í Englandi, en búsett í Los Angeles í Bandaríkjunum. Hún er dóttir sjötta markgreifa Bristol, og hefur starfað sem fyrrisæta og komið fram í sjónvarpsþáttum.

Hervey hefur verið heiðursgestur á RFE, Reykjavík Fashion Festival, og á íslenska vini sem búsettir eru í Los Angeles, þar á meðal heiðurshjónin Margréti Hrafnadóttur og Jón Óttar Ragnarsson og Betu Ronalds kvikmyndaklippara.

Fyrir tveimur árum sagði DV frá að hún hefði heillast af íslenski hönnun því á myndum sem teknar voru eftir Íslandsheimsóknina þá, mátti sjá hana í fatnaði og með skart eftir íslenska hönnuði. Sama er uppi á teningnum í dag því á myndum á Instagram má oft sjá Hervey bera skart frá Vera Design, sem Íris Björk Tanya Jónsdóttir á heiðurinn af. Báðar eru þær með spennandi línur á leið á markað, Íris með skartgripalínu fyrir herra og Hervey með sundfatalínu fyrir konur.



Borgarfulltrúi tekur flugið

Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tekst á við nýtt verkefni í sumar, en hún er tekin til starfa sem flugfreyja hjá Iceland Air. Ragnhildur er 28 ára er með BS-gráðu í sálfræði og er MS-nemi í þjónustustjórnun.

„Spennið beltin og njótið vinir og vandamenn,“ segir Ragnhildur á Facebook-síðu sinni „Það verður öldugangur í háloftunum í sumar og ég kem til með að stjarna við ykkur.“



Facebook/Skjáskot.



Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir

Linda Ben á von á barni

Matargyðjan Linda Ben á von á sínu öðru barni, en hún deildi gleðifregninni með fylgjendum sínum á miðvikudag. „Loksins get ég deilt með ykkur gleðifréttunum sem mig er búið að langa að segja ykkur svo lengi! Við eigum von á litlu kríli í byrjun nóvember og erum gjörsamlega að springa úr hamingju!“

Linda og maður hennar, Ragnar Einarsson, eiga fyrir fimm ára gamall son. Linda er menntaður lífefnafræðingur úr Háskóla Íslands og heldur úti heimasíðunni lindaben.is, þar sem hún deilir hollum og góðum uppskriftum með fylgjend-

um þar og á samfélagsmiðlum. Þarið hefur einnig verið að búa sér heimili í Mosfellsbæ og hefur Linda verið dugleg að deila myndum og góðum ráðum frá framkvæmdunum. Nú styttist í

að heimilið verði tilbúið og vonandi næst það fyrir komu barnsins.

Fókus óskar fjölskyldunni innilega til hamingju með bumbubúann.

Mynd/Instagram.



Mynd/Instagram.



Hildur Eir og hamingjan

Hildur Eir Bolladóttir, prestur á Akureyri, hefur vakið athygli fyrir hnyttni og hreinskilni, hvort sem er í daglega lífinu, á samfélagsmiðlum eða í predikunarstólnum.

Hildur Eir, sem fagnaði fertugsafmæli í fyrra, er komin með nýjan mann í líf sitt, en hún skildi á síðasta ári við eiginmann sinn til 18 ára.

Hinn heppni heitir Kristinn Hreinson og er rekstrarfræðingur og framkvæmdastjóri Rafeyri. Þarið geislar af gleði saman, enda annað ekki hægt þegar hamingjan er með í för.



Geta ekki hugsað sér að vera án Dropa Lýsis

Það þarf ekki að segja okkur Íslendingum hversu hollt lýsi er og stútfullt af vítamíni og omega-fítusýrum. Þetta vitum við frá blautu barnsbeini. Hins vegar kemur það mörgum á óvart að framleiðslu-hættir á lýsisolíu hafa breyst töluvert frá því forfeður okkar hófu fyrst að nýta þorsklifur. Ólían var unnin vegna þeirra ómetanlegu uppsprettu A- og D-vítamíns sem lýsi er en einnig sem olía fyrir lýsislampa.

Hjónin Oddný Hervör Jóhannsdóttir og Kristján L. Möller.



„Erum miklu þróttmeiri í leik og starfi“

Hjónin Oddný Hervör Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Kristján L. Möller, fyrrverandi alþingismaður og samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi, byrjuðu að taka Dropa Lýsi fljótlega eftir að það kom á markað. „Við heyrðum af þessari vöru sem unnin er úr ferskum afurðum „beint af bát og bryggju“ í framleiðslu og fannst áhugaverð þessi nýja, eða gamla aðferð þar sem lýsið er fullt af náttúrulegum vítamínum sem ekki tapast við framleiðslu. Dropa Lýsi er stútfullt af omega-fítusýrum ásamt A- og D vítamínum,“ segir Oddný.

Miklu þróttmeiri

„Við gerðum oft átak hér áður fyrr í að taka lýsi, en einhverja hluta vegna hættum við því alltaf, lýsisbragðið var frekar ógeðfellt í gamla daga. Eftir að við byrjuðum að taka Dropa Lýsi erum við miklu þróttmeiri í leik og starfi. Við finnum t.d. mikinn mun við golf- og skíðaðkun okkar, sérstaklega á liðamótum. Dropa lýsispillurnar eru þess vegna teknar daglega með morgunmatnum. Okkur finnst Dropa Lýsið áhugavert og fyrirtækið framsækið og biðum spennant eftir að klára lýsispillurnar sem við eigum í dag og prófa þessar með nýju bragðefnunum,“ segir Kristján.



Anna Sigríður Jörunds-dóttir, Birgitta Baldursdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.

Handboltahetja getur ekki hugsað sér að vera án seiðvökva sjávarins!

Dropa Lýsi er algerlega einstök vara sem endurspeglar konurnar sem stofnuðu fyrirtækið True Westfjords og reka. Handboltahetjan Ólafur Stefánsson komst í tæri við Dropa Lýsi þegar það kom á markað hér á landi og fann að það varð ekki aftur snúið í aðrar fiskolíur. „Að taka Dropa Lýsi er í raun fyrir mig svip-að og að bursta tennurnar. Ég get ekki hugsað mér að vera án þessa seiðvökva sjávarins. Hann gefur mér orku, gleði og skýrleika í hugsun,“ segir Ólafur.

„Þegar ég var lítil og alveg fram á unglingsárin tók ég lýsi daglega. Síðan fór ég út 23 ára og var erlendis í 17 ár og hafði engan aðgang að lýsi og sótti ekki í það. Ég var meira í þýskum fisk-, hörfræja- og hemp-olíum. Þegar ég kom heim fannst mér Dropi vera það eina sem var eitthvað í líkingu við þau gæði þeirra erlendu fiskolíu sem ég hafði kynnt úti. Ef eitthvað er þá er Dropi og í raun enn hreinna og tærara.“

Varð strax heillaður

„Ég byrjaði að taka Dropa Lýsi þegar



ég kom úr atvinnumenskunni, í kringum 2013. Gamall bekkjarfélagi minn var að hjálpa Önnu, Birgittu og Sigrúnu við markaðssetningu og dreifingu á Dropa og gaf mér prufur. Ég varð strax heillaður á að vera búinn að fá aðgang að alvöru fiskolíu hér heima. Seinna lá svo leið mín til Bolungarvíkur í gegnum góðan vin, Benedikt Sigurðsson, og þá hitti ég þær stóllur aftur og kynntist starfsemiinni betur.

Ég hef hitt þær, séð lífið á höfninni í Bolungarvík þar sem dagróðrabátarnir koma og landa og veit að varla finnst tærari og heilli náttúruafurð hér á landi heldur en Dropi.“

Tandurhrein jómfrúarolía True Westfjords, sem framleiðir Dropa Lýsi er í Bolungavík og lifrin

sem unnið er með kemur úr þorski (Gadus morhua) og er það eingöngu sú lifur sem notuð er við framleiðslu Dropa Lýsis. Lifrin er tekin beint af dagróðrabátum Bolvíkinga og hráefnið því eins ferskt og það getur orðið. True Westfjords er meðlimur að IRF (Iceland Responsible Fisheries) og er hráefnið keypt beint af fiskmarkaði og rekjanlegt beint á bát. Þegar lifrin kemur í vinnslu fer hún í kaldskiljun og kaldhreinsun þar sem mesta fitan er skilin frá. Við vinnslu er hráefnið unnið við lágan hita og aldrei upp fyrir 42°C. Við þessa aðferð varðveitist ferskleiki lýsisins auk mikilvægra næringarefna líkt og A- og D-vítamíns og annarra dýrmætra fítusýra. Lýsið verður því eins náttúrulegt og hægt er. Ólían er svo hreinsuð af þrávirkum efnum samkvæmt evrópskum reglum. Þar sem ólían er kaldpressuð við lágt hitastig telst hún því til jómfrúarolía.

Hægt er að rekja uppruna hráefnis í Dropa – veist þú hvaðan þitt lýsi kemur?



Með Dropa Lýsi á toppi Everest

„Ég hef tekið lýsi meira og minna öll mín fullorðinsár og öðru hverju sem barn,“ segir pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir sem var einnig eftirminnilega fyrsta íslenska konan upp á hátind Everest 2017. „Strax frá því að ég heyrði fyrst af framleiðslunni þá fannst mér þetta áhugavert og eftirsóknarvert vara. Ég fékk að prófa Dropa Lýsi áður en það kom á markað og varð algjörlega heilluð. Það var árið 2015 og Dropi hefur fylgt mér síðan. Í fyrstu skiptin fékk ég sendar sérstakar flöskur sem ég tók með mér í leiðangra. Ég fór til dæmis með flösku af Dropa Lýsi upp á Everest en það er algjörlega ómetanlegt að hafa svona góðar olíur með sér inn í aðstæður sem reyna verulega á úthald og að líkaminn virki vel undir álagi.“



kroppurinn er vel haldinn af Dropa. Þá benda allar rannsóknir til þess að omega-fítusýrurnar bæti starfsemi hjarta og æðakerfisins, sem er svo sannarlega verðmætt í því hraða umhverfi sem við lifum í í dag.“

Mikill aðdáandi

„Ég er svo sannarlega mikill aðdáandi Dropa Lýsis. Það er margt sem heillar mig við Dropa og fyrst og fremst þá hversu vel framleiðendur passa upp á gæði og náttúrulega eiginleika vörunnar. Fiskiolía gerist ekki ferskari en þetta. Hún er kaldpressuð beint úr þorskalifrinni. Slík gæði eru vandfundin og því mæli ég eindregið með Dropa fyrir alla sem vilja huga að heilsunni og góðum lífsstíl.“

Nýjar tegundir á markað

Nýlega bættust við þrjár spennandi vörutegundir á markað. Þetta er Dropa Lýsi með bragðefnum úr lifrænum kjarnaolium sem er unnið er úr fersku engifer, fenniku og ferskri grænmyntu. Fennil og engifer fást í 220 ml. flöskum. Fennika ber milt eftirbragð af lakkris og engifer ber milt sitrus eftirbragð. Grænmynta eða spearmint fæst í hylkjum í 60 stk. pakkningum og er hugsað fyrir neytendur sem t.d. eru með bakflæði og finnst óþægilegt þegar fiskikeimurinn kemur upp.

Finn mikinn mun

„Ég finn mikinn mun á mér hvað varðar líkamlegt atgervi eftir að ég byrjaði að taka Dropa Lýsi. Að neyta vöru sem er svo rík af vítamínum og fítusýrum hjálpar líkamanum að vinna vel og takast á við það álag sem ég hef lagt á hann. Ég hef betri súrefnisupptöku sem er lykilatriði þegar kemur að úthaldi og hjálpar líka við einbeitingu. Þá gengur mér betur að eiga við meiðsli og fæ líka betri endurheimt eftir æfingar, þegar

Nældu þér í flösku af hreinni náttúruafurð

„Framleiðsla Dropa ræðst af eftirspurn og við sitjum aldrei á stórum lager enda er þetta ferskvara. Okkar helstu viðskiptavinir eru Bandaríkin og Bretland. Einnig seljum við til Ástralíu, Hong Kong og Hollands ásamt því að selja á heimasíðu okkar, dropi.is.“ Á Íslandi fæst Dropi í lyfjaverslunum, betri heilsuvörubúðum, einstaka matvöruverslunum og Fríhöfninni.

Nánari upplýsingar má nálgast á dropi.is

Hafnargata 76b, 415 Bolungarvík

Netpóstur: truewest@truewest.is

Valdimar leitar að börnum til að leika í næstu stórmynd Íslands

Leikstjórinn Valdimar Jóhannsson vinnur nú að kvikmyndinni *Dýrið* (Lamb), sem er samframleiðsla með Svíum og Pólverjum og hlaut myndin 52 milljóna króna styrk frá Eurimages. Aðalframleiðendur eru Hrönn Kristinsdóttir og Sara Nassim. Valdimar skrifar handrit ásamt Sjón. *Dýrið* segir frá hjónunum Maríu og Ingvari, sem eru sauðfjárbændur á afskekktum sveitabæ. Þegar lítil og óvenjuleg vera kemur inn í líf þeirra verður breyting á högum þeirra sem færir þeim mikla hamingju um stund, sem síðar verður að harmleik.

Tökur fara fram í Hörgárdal í lok maí í hálfan mánuð og svo aftur í ágúst og september. Leitad er að börnum sem geta aðstoðað við að útfæra þessa litlu veru, smávöxnum börnum á aldrinum 2-6 ára sem líta út fyrir



Noomi Rapace Sænska leikkonan varð heimsfræg fyrir hlutverk sitt í *Karlar sem hata konur*.



Valdimar Leikstýrir kvikmyndinni og er annar handritshöfundur.



Hilmir Snær Einn af vinsælli leikurum þjóðarinnar.

að vera yngri en þau eru í raun. Bæði stelpur og strákar koma til greina. Börnin þyrftu þá að geta verið með valda tökudaga á tökutímabilunum og starfið er að sjálfsögðu launað.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Hilmir Snær Guðnason og sænska leikkonan Noomi Rapace, sem sló eftirminnilega í gegn í þrífleknum *Karlar sem hata konur*. Í viðtali við *Variety* sagði Rapace að handrit *Dýrsins* væri sjaldgæft og henni því fundist hún þurfa að vera með. Leikkonan bjó sem barn á Íslandi í þrjú ár og var þá statisti í kvik-

mynd Hrafns Gunnlaugssonar, í skugga hrafnsins. „Ég hef aldrei gert neitt þessu líkt áður og get ekki beðið eftir að hefja tökum og snúa til róta minna á Íslandi.“

Áhugasamir foreldrar mega senda ljósmynd eða stutt vídeó af barninu og helstu upplýsingar, svo sem nafn, aldur og hæð og símanúmer foreldra, á netfangið gagga@7g.is. ■

Stjörnu-Sævar kominn á fast

Sævar Helgi Bragason, stjörnufræðingur og einn ötulasti umhverfisverndarsinni Íslands, er kominn á fast. Kærasta hans er Þórhildur Fjóla Stefánsdóttir, aðalráðgjafi hjá Wise lausnum, sem er einn stærsti seljandi Microsoft Dynamics NAV á Íslandi.

Það lét hendur standa fram úr ermum ásamt fjölda annarra Íslendinga sunnudaginn 28. apríl á Stóra plockdeginum og plockaði svæðið meðfram girðingunni hjá Reykjanesbrautinni. Í viðtali við Fjarðarpóstinn sögðu þau að þar væri ógrynni af sígar-ettustubbnum og flugeldarusli. „Ég er ekki sáttur við hvað landar mínir hafa gert og hvet þá til að opna augun,“ sagði Sævar, sem sér um þáttaröðina *Hvað höfum við gert?* á RÚV, sem fjalla um loftslags- og umhverfismál á mannamáli. ■

Plockað af krafti Sævar og Þórhildur bera hag umhverfisins fyrir brjósti.



TÖKUM AÐ OKKUR ALLAR ALMENNAR FATAVIÐGERÐIR



Páll Óskar og jakkafötin Fundin eftir rúm 14 ár.

Páll Óskar brá sér í borgara

Söngvarinn Páll Óskar Hjálmtýsson átti ekki von á að finna löngu týndan dýrgrip þegar hann brá sér í hádegismat á Hamborgarabúlluna.

Á einum veggnum þar hanga jakkaföt sem saumuð voru á hann árið 1995. „Ég fann efnið í New York og Filippía Elísdóttir saumaði á mig jakkafötin, sem ég notaði aðallega á böllum með

Milljónamæringunum,“ segir Páll. Árið 1997 gaf hann Hard Rock fötin, en þau gufuðu upp þegar Hard Rock skellti í lás í Kringlunni 31. maí 2005. „Ég er búinn að leita að þessu í mörg ár og hef ekki vitað um afdrif þeirra fyrir en núna.“ ■

Ragna Gestsdóttir ragna@dv.is



Saumastofa ÍSLANDS

581 3330 / Malarhöfði 2

ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

Castello
PIZZERIA

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

Hjá Smára Hólmi
PROLAN
PROTECTIVE LANOLIN



**KOMDU Í VEG FYRIR AÐ
ALLT RYÐGI OG FESTIST-
PROLAN LEYSIR MÁLIÐ**

FYRIR



EFTIR



Rauðhella 1
221 Hafnarfjörður
Sími 861 7237
smari.holm@gmail.com

PROLAN
PROTECTIVE LANOLIN

Sigurður Magnús er aðdáandi Game of Thrones

Sigurður Magnús Sigurðsson er einn af fjölmörgum aðdáendum sjónvarpsþátanna Game of Thrones, en áttunda og síðasta þáttaröð er nú í sýningu. „Ég er mikill GOT-aðdáandi og er að endurlesa bækurnar núna. Var að klára að lesa aftur þriðju bókinu og á þar með eftir tvær bækur af fimm,“ segir Sigurður, sem er 34 ára, búsettur í Philadelphiu í Bandaríkjunum, þar sem hann starfar við umsýslu fasteigna. „Ég rek fasteignir fyrir önnur fyrirtæki og er nýbúinn að fá nýja stöðu, þar sem ég vinn á

Manhattan í New York.“ Í tilefni af síðustu þáttaröð Game of Thrones ákvað Sigurður að bregða á leik og útbjó dánarborð með persónum síðustu þáttaraðarinnar. Sigurður klippti út mynd af hverri persónu og þegar viðkomandi deyr kveikir hann á kerti fyrir viðkomandi. „Við eigum von á miklum dauðsföllum. Game Of Thrones á það til að láta persónur í sögunni deyja, oft á mjög hryllilegan hátt.“ En er lífféttir GOT? „Hugsanlega. Ég er að bíða eftir næstu tveim bókum, en George R.R. Martin er að klára að skrifa síðustu tvær

bækurnar, en þær eiga að verða sjö samtals,“ segir Sigurður. „Þannig að þetta er ekki búíð. Það er líka mikilvægt að benda á að bækurnar eru mjög ólíkar þáttunum og það eru mun fleiri persónur í bókunum. Það er líka talað um að HBO-sjónvarpsstöðin ætli að gera „spin-off“-þáttaröð, sem mun gerast í Game of Thrones-heiminum, en í annarri tímalínu.“ Það er því ljóst að Sigurður og fleiri aðdáendur þáttanna þurfa ekki að örvænta alveg strax, við hin sem enn höfum ekki tekið ástfóstri við GOT eigum margt í vendum.



Auð herbergi í Víðinesi

Ekki eru öll herbergi í húsnæðinu í Víðinesi leigð út. Vistmenn segja að lengst af í vetur hafi tvö herbergi staðið laus en nú séu þau fjögur. Borgin vill ekki taka fleiri þar inn þar sem um tilraunaverkefni sé að ræða.

Í vetur falaðist Landspítalinn eftir því að sjúklingur sem þar lá inni kæmist á Víðines en fékk synjun hjá borginni. Í svari frá borginni stóð að borgin myndi frekar aðstoða núverandi íbúa að komast í varanlega búsetu.

Mikil óvissa ríkir um framtíð fólksins í Víðinesi, frestur hefur verið framlengdur og fundir haldnir án nokkurrar niðurstöðu. Vandræðagangurinn heldur því áfram.

Ósmekklek Hildur

Hildur Lilli-endahl Viggósdóttir, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, birti nýlega myndir af fyrrverandi ráðherrum sem gagnrýndu þriðja orkupakkann og spurði: Ríða, drepa, giftast?

Vissulega er þetta einsleitur hópur stjórnmalamanna, aldnir karlmenn og íhaldssamir, og margir hafa hent grín að því. Þetta grín Hildar er hins vegar svo ósmekklekt að verstu strigakjafar hefðu veigrað sér við því að fleygja slíku fram opinberlega. Vel má snúa þessu við í tilbúnu dæmi. Að ungar konur hefðu birt saman yfirlýsingu og eldri maður, í sama starfi og Hildur, hefði spurt: Ríða, drepa, giftast?

Yrði honum vært í starfi eftir það? Hvernig hefði Hildur brugðist við?



dk iPos snjalltækjalausn fyrir verslun og þjónustu

Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi
dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

